

Ein lítil samantekt um ætt og lífshlaup

Margrétar Ólafsdóttur frá Syðri-Steinsmýri í

Meðallandi og Páls Þorsteinssonar

frá Núpum í Fljótshverfi

ítem

*getið þeirra afkomenda
að nokkru*

Indriði Dagnýjarson tók saman

Efni

<i>Inngangsorð</i>	2
<i>Ættarslóðir í eldmistri</i>	3
<i>Um ætt Margrétar Ólafsdóttur</i>	5
<i>Frá Ólafi og Margrétu á Steinsmýri</i>	5
<i>Móðurætt Ólafs Ólafssonar</i>	5
<i>Frá foreldrum Margrétar Gissurardóttur</i>	6
<i>Um ættir Sigríðar Bjarnadóttur</i>	7
<i>Um ættir Páls Þorsteinssonar</i>	11
<i>Frá foreldrum Páls Þorsteinssonar</i>	11
<i>Um ættir Páls Þorsteinssonar</i>	11
<i>Um Odd Bjarnason og afkomendur hans</i>	13
<i>Um faðerni Páls Þorsteinssonar</i>	14
<i>Frá Margréti Ólafsdóttur og Páli Þorsteinssyni</i>	17
<i>Af uppvexti Margrétar</i>	17
<i>Gifting Margrétar og Páls</i>	18
<i>Frá Núpum að Fossi</i>	18
<i>„Faðir minn átti fagurt land.“</i>	21
<i>Í Hornafirði</i>	22
<i>Austur á Hérað</i>	24
<i>Norðuryfir Fljót</i>	26
<i>Í ekkjudómi</i>	26
<i>Af börnum Páls Þorsteinssonar og Margrétar</i>	
<i>Ólafsdóttur</i>	30
<i>Ólafía Pálsdóttir</i>	30
<i>Stefanía Margrét Pálsdóttir</i>	33
<i>Páll Pálsson</i>	34
<i>Margrét Pálsdóttir</i>	35
<i>Helgi Pálsson</i>	37
<i>Agnes Pálsdóttir eldri</i>	38
<i>Agnes Pálsdóttir yngri</i>	39
<i>Dagný Pálsdóttir</i>	41
<i>Heimildir</i>	41

Inngangsorð

Ég hef ráðist í að tína til eitt og annað um móðurætt mína en lengi vel vissi eg lítið um hana. Móðir mín, Dagný Pálsdóttir, var í báðar ættir úr Vestur-Skaftafellssýslu þar sem foreldrar hennar voru fæddir og bjuggu framanaf æfi, og austur á Héraði voru á mínum uppvaxtarárum fá tíðindi sögð af þeim slóðum.

Greinargerð þessari mætti skipta í þrennt: Fyrst er fjallað um ættir móðurömmu minnar og afa. Er þar stuðst við ýms rit en fyrst og fremst rit Björns Magnússonar um Vestur-Skaftafellinga (VS). Er óhætt að vitna hér einusinni fyrir allt til þessa merka rits. Styrkur hefur einnig orðið að *Ættum Austfirðinga* (ÆAu), *Íslenskum æviskrám* (ÍÆ), *Ættum Síðupresta* (ÆS) og *Æfisögu séra Jóns Steingrímssonar* (ÆJS). Í heimildaskrá er gerð grein fyrir öðrum ritum sem vitnað er til.

Í öðrum hluta í þessari samantekt er fjallað um lífshlaup þeirra Margrétar Ólafsdóttur og Páls Þorsteinssonar, móðurforeldra minna. Ferill þeirra, barna þeirra og annara sem við sögu koma er rakinn eftir kirkjubókum svo samviskusamlega sem mér var unnt. Einnig er rétt að nefna hér aðra heimild sem oft verður vitnað til. Er það ritgerð Sólrúnar Eiríksdóttur um Margrétu en hún birtist í Múlaþingi 1971. Sólrún (f. 1902) ólst upp á Krossi í Fellum og kynntist ömmu minni þar vel og hefur numið af henni ýmsan fróðleik. Greinargerð Sólrúnar um vistir þeirra hjóna á Héraði er í stórum dráttum rétt en frásögn af búskap þeirra syðra er fremur ónákvæm. Verður þá að gæta þess að Sólrún hafði, einsog hún segir sjálf, ekki heimildir til að styðjast við, og sögusögn af fjarlægum og ókunnum slóðum fyrnist með árum fljótar en það sem nær liggur. Mikill fengur er að þeim frásögnum Sólrúnar þar sem hún rekur minningar gömlu konunnar um æsku sína og ýmsa aðra hluti. Lýsing hennar á Margrétu á gamals aldri og frásögn af hannyrðum hennar er einnig afbragðsgóð. Þátturinn er allur hinn læsilegasti. Sólrún var mikil fróðleikskona, nú nýlátinhún. – Enn er þess að geta að Páll Gíslason á Aðalbóli ritaði minningarorð um tvær dætur þeirra hjóna: Agnesi eldri og yngri. Birtust þau í *Íslendingaþáttum Tímans* 1970. Er þar nokkuð vikið að foreldrum þeirra systra.

Í þriðja lagi er í þessu skrifum greint frá börnum þeirra Margrétar og Páls og vikið að afkomendum þeirra. Sú samantekt er ófullkomin. Þar hefur verið stuðst við kirkjubækur, grein Páls Gíslasonar sem áður er nefnd, bréf sem gerð er grein fyrir í texta, og munnlegar heimildir.

Ættarslóðir í eldmistri

Móðurætt mín er vestur-skaftfelsk, nánar til tekið úr sveitum milli tveggja sanda en þar er átt við svæðið frá Mýrdalssandi austur að Skeiðarársandi. Myndar það nokkra heild hvað snertir búsetu og ættartengsl nema hvað Álftaverið virðist ekki tengjast eystri sveitunum nema að litlu leyti, a.m.k. hvað varðar mína ætt. Þó víkur sögunni þangað einstöku sinnum. Austasta sveitin, Fljótshverfið, virðist koma meira inn í myndina. Að öðru leyti sýnist ættin standa rótum nokkuð jafnt í Skaftártungu, Meðallandi, Landbroti og á Síðu.

Þegar fjallað er um sögu fólksins sem byggt hefur þetta svæði verður ekki komist framhjá Skaftáreldum. Er einginn vafi á því að aldrei hefur íslenskt fólk orðið fyrir öðrum eins hremmingum og Vestur-Skaftfellingar máttu þá reyna. Verður þess að gæta að hér er um eitthvert mesta eldgos veraldarsögunnar að ræða og sjálfsagt það mesta sem snert hefur byggð ból hér á landi – að Vestmannaeyjagösinu ekki undanskildu. Höfðu þessar hamfarir meiri og djúpstæðari áhrif á íbúa þessa svæðis en við getum nú gert okkur nokkra grein fyrir. Nefna má fyrst efnahag, en svo má segja að eftir eld hafi menn orðið að byrja alveg uppá nýtt einsog þeir sem nema land á óbyggðu svæði. Gekk þetta „landnám“ seint og hægt enda landið að miklum mun kostaminnna en áður var. Fátækt var mikil og almenn og e.t.v. hafa íbúarnir ekki rétt við efnahagslega fyren eftir 80–100 ár.

Sálræn áhrif entust líka lengi. Til marks um það er sögn um Sigríði Bárðardóttur húsfreyju á Þingskálum á Rangárvöllum. Foreldrar hennar höfðu flúið eldinn 1783 og settust að í Króktúni á Rangárvöllum. Var Sigríður þá barn að aldri. Sigríður giftist Brynjólfi Jónssyni og bjuggu þau góðu búi á Þingskálum. Var húsfreyja orðlögð fyrir dugnað og vinnuhörku; lét flengja vinnuhjú sem ekki stóðu sig að hennar mati. Frá því er sagt að þegar Hekla gaus árið 1845 var fólk á Þingskálum á engjum; Brynjólfur bóndi finnur þá titring á jörðu undir fótum sér og verður litið til fjallsins og stóð þá mökkurinn uppaf tindinum. Þá fór Sigríður Bárðardóttir að gráta og „var það í eina skiptið, sem hinni harðgerðu húsfreyju runnu tár úr augum [...] Varð henni hugsað til þess, að foreldrar hennar flúðu Skaftáreldana 1783 [...] Höfðu þau orðið að sjóða ólarreipin og leggja sér til munns, er þau komu úr ferðinni í harðærinu. Hún hélt nú, að slíkar hörmungar mundu dynja yfir, og þess vegna setti að henni grát“ (Guðni Jónsson 1951:6-7).

Sigurbjörn Einarsson, biskup, fæddist í Meðallandi og ólst þar upp. Í ræðu sem hann flutti í minningu eldmessunnar á Kirkjubæjarklaustri 17. júlí 1983 segir hann m.a. svo:

[...] Samt var eldurinn aðeins einn, ekki um að villast, þegar sagt var, að þetta hefði gerst í eldinum. Og það sem var fyrir eld, var fjarlæg, tilheyrði annarri veröld, það var fyrir handan

þau örlagaskil, sem mörkuðu hvörfin í sögu sveitanna og fólksins milli Sanda. Barninu fannst rómur breytast og svipur á gömlu fólki, þegar talið barst að eldinum. Þá átti við að tala í lágum hljóðum, eins og þegar rætt var um voveiflega atburði eða dauðann sjálfan.

Það fór ekki framhjá þeim, sem uxu upp í eldsveitunum snemma á þessari öld, að minni eldsins voru enn í námunda og skammt til þeirra að seilast, enda ekki um marga ættliði að rekja til þeirra sem sjálfir lifðu býsnin og báru menjar þeirra á líkama og sál.

(Sigurbjörn Einarsson 1985: 119–120.)

Móðir mín var fædd röskri öld eftir eldinn og ól allan sinn aldur fjarri slóðum hans. Samt var þessi eldur henni einsog í blóð borinn og hún minntist hans með einhverri óttablandinni lotningu: eldur, það var eldurinn sem nagaði sig eftir ánni og stefndi á klaustrið.

Hvergi hefur hörmungum vestur-skaftfellinga í eldinum verið betur lýst en í ritum séra Jóns Steingrímssonar. Verður hér að vísa í *Æfisögu* hans og *Eldrit*. Hef eg oft gluggað í þau rit við athugun þessa. Hann var ekki í neinum vafa um að eldgosið væri syndugum lýð refsing frá guði þeim sem hann trúði á. Lengi mun hafa eimt eftir af þeirri kenningu. Þarna hafði Drottinn að lokum fullkomlega beygt fólk á Síðu og í Meðallandi undir vilja sinn. Meiri hluti af fólkinu dó reyndar eða hrökklaðist burtu. Nokkrir þeir harðgerðustu slórðu af með hjálp séra Jóns og Guðsins. Við erum komin af því fólki. Margrét amma mín hefur brugðið upp mynd af Þuríði ömmu sinni sem barn að aldri varð vitni að upphafi eldanna (sbr. hér á eftir). Aldrei hefur það liðið úr minni hennar og sonardóttir hennar minnst þess atburðar 123 árum síðar einsog mikilsverðra tíðinda. Sjálfur er eg fjórði maður frá Þuríði sem gefin var sá manndómur að lifa af einhverjar hrikalegustu hörmungar sem um getur. – Annars væri eg ekki að skrifa þetta.

Um ætt Margrétar Ólafsdóttur

Frá Ólafi og Margrétu á Steinsmýri

Um og eftir miðja 19. öld bjuggu á Syðri-Steinsmýri í Meðallandi hjónin Ólafur (1810–1860) Ólafsson og Margrét (1812–1874) Gissurardóttir. Þau gengu í hjónaband 6. október 1838 og hófu búskap á Oddum þar sem þau voru eitt ár. Vorið 1839 fluttu þau svo að Syðri-Steinsmýri (Syðsta bænum) og bjuggu þar síðan til dánardags Ólafs (1860) en Margrét bjó ekkja í þrjú ár eftir það. 1863 giftist hún í annað sinn, þá rúmlega fimmtug, Páli Sigurðssyni frá Eintúnahálsi á Síðu, og var hann röskum tuttugu árum yngri (f. 1833); bjuggu þau á Syðri-Steinsmýri þar til Margrét lést (1874). Margrét Gissurardóttir hefur verið dugmikil kona, ekki síst þegar þess er gætt að í sínu fyrra hjónabandi ól hún 14 börn. Elst þeirra var Margrét sem síðar segir nokkuð af í þessu skrifi. Ekki er annað að sjá en þeim Ólafi hafi búnast heldur vel. Til þess bendir eftirfarandi sögn sem Sólrún Eiríksdóttir hefur eftir Margrétu dóttur þeirra:

Eitt sinn komu útlendir menn af skipi sem strandaði þar við sandana. Dvöldust þeir nokkra daga á Syðri-Steinsmýri. Það var um sumar. Kvöld eitt voru hinir erlendu menn úti staddir; var veður fagurt og virtu þeir fyrir sér hið tignarlega útsýni. Flutt hafði verið heim mikið hey af engjum á mörgum hestum, ær og kýr voru reknar heim á stöðul til mjalta, fólkið var að sinna kvöldverkunum, ganga frá heyi, mjalta ær og kýr. flytja hesta í haga o.fl. Verður þá einum hinna ókunnu manna að orði: „Ólaf á mörg börn, mörg hross, margar kýr, margan sauð.“ Sannaðist hér sem oftast, að „glöggst er gests augað“.

(Sólrún Eiríksdóttir 1971:3940.)

Móðurætt Ólafs Ólafssonar

Faðir Ólafs á Syðri-Steinsmýri var Ólafur (1745–1837) Jónsson. Hann var kominn undan Eyjafjöllum og er að svo komnu ekki vel kunnugt um ætt hans. Móðir Ólafs Ólafssonar og kona Ólafs Jónssonar var Þuríður (1774–1846) Eiríksdóttir. Hún ólst upp í Meðallandi og „var smalastúlka á Hnausum, 9 ára, þegar Skaftáreldarnir komu upp. Hún var að sækja hross í Hnausasefjum á Hvítasunnumorgun, þegar eldurinn sást koma upp“, segir Margrét sonardóttir hennar (*ÆAu*, bls. 1429). Þuríður var seinni kona Ólafs Jónssonar en þau giftust 1. nóv 1806; hún þá 32 ára en hann 61 árs. Ólafur bjó með fyrri konu sinni, Þorgerði (1733–1805) Björnsdóttur í Meðallandi, í Skurðbæ og á Leiðvelli. Þau voru barnlaus. Í eldinum (1783–84) er Ólafur Jónsson í Dalshverfi undir Eyjafjöllum, e.t.v hjá frændfólki sínu. Þau Þuríður bjuggu lengst af á Undirhrauni í Meðallandi (1804–36), Ólafur var þá hreppstjóri og meðhjálpari.


Þuríður Eiríksdóttir var komin af Eiríki Jónssyni, bónda í Holti á Síðu á 17. öld, og þar bjó einnig fyrir hann faðir hans, Jón Sighvatsson. Hafa þeir verið góðir bændur því að Holt var kostamikil jörð. Sonarsonur Eiríks og nafni, Eiríkur (f. 1704) Bjarnason var kvæntur Bente (f. 1704) Snjólfsdóttur frá Skál á Síðu sem var höfuðból frá fornu fari. Snjólfur í Skál (f. um 1660, býr þar enn 1720) var sonur Bjarna prests á Fljótum í Meðallandi (d. 1687), Sveinssonar prests á Prestsbakka (d. 1650), Bjarnasonar. Kona Snjólf í Skál var Sesselja Kristín (f. um 1676) Jónsdóttir sýslumanns á Reynistað í Skagafirði. Kona Jóns sýslumanns var dönsk: Bente Katrine (Haas) Trúelsdóttir. Jón hét bróðir Sesselju Kristínar, sonur Snjólf í Skál. Hann var faðir Páls hospítalhalðara á Hörgslandi, síðast á Elliðavatni, en sonur hans var séra Páll í Hörgsdal (sjá hér á eftir *Töflu 1*, sbr. og *ÆS*, bls. 351).

Eiríkur Bjarnason og Bente Snjólfsdóttir bjuggu í Skagnesi og á Bólhraunum. Meðal fjögurra barna þeirra var Eiríkur (1742–86) bóndi á Hnausum og í Skurðbæ í Meðallandi, faðir Þuríðar á Undirhrauni.

Tafla 1

Til skýringar

á móðurætt Ólafs Ólafssonar á Syðri Steinsmýri



Frá foreldrum Margrétar Gissurardóttur

Foreldrar Margrétar, konu Ólafs Ólafssonar, voru Gissur (1780–1839) Jónsson og Sigríður (1781–1862) Bjarnadóttir. Þau bjuggu í Rofabæ og Efri-Ey í Meðallandi.

Ekki kunnu vér að rekja ætt Gissurar bónda Jónssonar í marga liði en foreldrar hans voru Jón (1754–86) Sigurðsson og Valgerður (1744–1829) Jónsdóttir. Þau munu hafa gengið í hjónaband um eða skömmu fyrir 1776 og bjuggu í Meðallandi, fyrst í Skurðbæ til 1783, þá á Leiðvelli í eitt ár, í Fjósakoti 1784–86 en fluttu þá um vorið aftur að Skurðbæ. Þar lést Jón bóndi um sumarið. Þau áttu þá þrjú börn í æsku. Tvö þau eldri, Ástríður (9 ára) og Gissur (6 ára) lentu á sveitarframfæri, en Oddný sem var yngst (f. 1783) var með móður sinni. Árið 1789 giftist Valgerður í annað sinn Hirti (1762–1843) Ólafssyni en þetta voru ár harðrar lífsbaráttu í Meðallandi og enn er Gissur skráður niðursetningur 1789–91. Það segir sína sögu um fátækt og upplausn í búsetu á þessum slóðum árin „eftir eld“ að Valgerður Jónsdóttir flutti alls 14 sinnum búferlum á árunum 1783–1804. Alltaf var flutt á milli bæja í Meðallandi og hafði hún oftár en einu sinni viðdvöl á sumum. Árið 1805 flutti hún svo í 15. skiptið og þá að Slýjum í Meðallandi þar sem hún bjó síðan til dauðadags. Valgerður náði því að verða hálfmíráð. Fyrri maður hennar var 10 árum yngri en hún, sá síðari 18 árum yngri. Hún lifði erfiða tíma en þraukaði af.

Foreldrar Sigríðar, konu Gissurar Jónssonar, voru Bjarni (1747–85) Bjarnason, bóndi í Hlíð í Skaftártungu og á Slýjum í Meðallandi og kona hans Margrét Jónsdóttir (1753–1828). Sigríður var aðeins fjöggra ára þegar faðir hennar dó 1785 (kannski úr ófeiti?). Var því líkt á komið með Margrétu og Valgerði, móður Gissurar. Báðar stóðu uppi ekkjur í lok Skaftárelda með ung börn. Margrét hafði af fyrir sér og dóttur sinni á ýmsum stöðum í Meðallandi. Hún giftist ekki aftur einsog Valgerður heldur lifði í ekkjudómi í 43 ár.

Sigríður og Gissur gengu í hjónaband snemma í október árið 1802. Þau eignuðust 14 börn en aðeins sex þeirra komust til fullorðinsára. Fjallar ættartala ömmu minnar í *Ættum Austfirðinga* um afkomendur þeirra. Sigríður varð gömul, komst á níræðisaldur, og segir amma mín að hún hafi verið „greind myndarkona. Þegar hún dó kunni hún allt hver sitt og margt fleira.“ (*ÆAu*, bls. 1428).

Þau Gissur og Sigríður voru atorkuhjón og allvel látin Meðan þau bjuggu í Rofabæ lenti bóndi í útistöðum við álfkonu, þá er hann vildi rífa og endurbyggja bæ sinn. Dreymdi Sigríði að álfkonan kom og varaði strengilega við því að hróflað yrði þar við sundi sem hún sagði að tilheyrði sér. Gissur taldi þetta bábilju og hélt áfram verki sínu en Sigríði hélt áfram að dreyma álfkonuna og var hún í þriðja skipti orðin bæði reið og gröm. Sagði hún þá við Sigríði: „Ekki get ég gert af því sem illt leiðir af þessu en Gissur mun fá þrjú veikindaköst, en eigi skilur það vináttu okkar að heldur.“ Gissur byggði nú bæ sinn en það gekk eftir að hann fékk um veturinn

þrisvar illkynjuð ofsjóna- og æðisköst. Um vorið flutti hann sig af jörðinni að Efriey og bar þá aldeí frammar á honum. Margrét Ólafsdóttir, dótturdóttir þeirra hjóna, sagði Sigfúsi sagnapul frá Eyvindará sögu þessa og er hans frásögn fylgt hér (sjá Sigfús Sigfússon 1982b:108–109)

Um ættir Sigríðar Bjarnadóttur


Bjarni (1747–85), faðir Sigríðar, bóndi í Hlíð í Skaftártungu og á Slýjum í Meðallandi, var sonur Bjarna (f. 1714) Eiríkssonar en hann bjó í Álftaveri og Skaftártungu; kona hans var Þorbjörg (f. 1720) Gunnlaugsdóttir, bónda á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal, Jónssonar, en kona Gunnlaugs var Ragnhildur Bjarnadóttir prests í Möðrudal (um 1665–1716) Jónssonar (sbr. *ÍÆ* 1:176).


Faðir Bjarna Eiríkssonar í Hlíð var Eiríkur (1662–1723) „stóri“. Hann bjó fyrst á Búlandi í Skaftártungu og var lögréttumaður, fluttist síðan að Gíslastöðum á Völlum á Héraði og var þar einnig lögréttumaður. Eiríkur stóri var sonur Bjarna (d. 1699) Eiríkssonar á Búlandi í Skaftártungu en hann var um skeið sýslumaður í Vestur-Skaftafellssýslu (1681–90) en var dæmdur frá embætti eftir málavafstur. Bjarna er svo lýst að hann væri „karlmenni að burðum og stórbrotinn, undarlegur í háttum, lagamaður lífill“ (*ÍÆ* 1:163). Kona hans var Sigríður, dóttir Bjarna (1590–1667) Oddsonar sýslumanns á Bustarfelli í Vopnafirði. Faðir Bjarna á Búlandi var Eiríkur (d. 1661) Sigvaldason, bóndi og lögréttumaður á Búlandi. Í *Íslenskum æviskrám* (1:420) er þessi stutta lýsing á Eiríki bónda: „Mikilmenni. Andaðist í lögrétu“.

Tafla 2

Til skýringar

á móðurætt Margrétar Gissurardóttur á Syðri-Steinsmýri





Fyrri kona Eiríks og móðir Bjarna sýslumanns var Þórunn Sigurðardóttir, prests á Breiðabólstað í Fljótshlíð, Einarssonar skálds og prests í Eyðölum, Sigurðssonar. (sjá *Töflu 2* hér á undan).

Tekið skal fram að nokkrum vafa er undirorpið hvort rekja megi föðurætt Sigríðar Bjarnadóttur til Eiríks stóra á Búlandi. Björn Magnússon prófessor telur það þó mjög líklegt og tekur þá rakningu góða og gilda (sbr. *VS* 1:119 og 127). Eiríkur lögréttumaður Bjarnason og fólk hans kemur einnig við sögu í *Ættum Austfirðinga* (sjá þar nr. 3634).

Þá er að víkja að móðurætt Sigríðar Bjarnadóttur en móðir hennar, Margrét Jónsdóttir, var fædd á Fossi á Síðu árið 1753. Þessi Margrét er hálfgerð huldukona og verður hér að nefna þá kenningu Margrétar ömmu minnar að hún hafi verið dótturdóttir Þorsteins sýslumanns Sigurðssonar á Víðivöllum í Fljótsdal, föður Péturs sýslumanns á Ketilsstöðum. Hún segir að móðir Margrétar hafi verið

sögd systurdóttir Péturs sýslumanns Þorsteinssonar á Ketilsstöðum á Völlum. Þessi systir Péturs sýslumanns á að hafa verið laungetin, og er ókunnugt hvað hún hét. En hún á að hafa flutt úr Múlasýslu suður á Nes og átt þar þessa dóttur, Margréti. Hún ólst eitthvað upp á Núpstað og var þar smali. Síðar var hún á Hunkurbökkum á Síðu og giftist svo manni, sem Bjarni hét, og bjuggu þau í Meðallandi og áttu 1 barn, Sigríði þessa, er varð kona Gissurar (*ÆAu*, bls 1427–1428).

Benedikt frá Hofteigi segir (á sama stað, neðanmáls) að ekki þekkist önnur heimild um þetta og að Þorsteinn yrði þá að „hafa eignast þessa dóttur áður en hann kvæntist [1712] meðan hann gegndi störfum fyrir Pál og Árna við Jarðabókina“. Sýnist svo sem Benedikt telji ólíklegt að Þorsteinn hafi tekið framhjá konu sinni. Þess finnst þó dæmi um sýslumenn. Björn Magnússon minnst ekki á þetta en hann ættfærir Margrétu Jónsdóttur ekki: nefnir hvorki foreldra hennar á nafn né greinir frá uppvexti hennar eða verustöðum fram að giftingu (sjá *VS* 3:98).

Víst eru ættarsagnir um faðerni manna oftast fremur óáreiðanlegar en ekki er þó ástæða til að véfengja sögn ömmu minnar að óreyndu. Hún var fædd 1839 en Þorsteinn sýslumaður Sigurðsson, hugsanlegur afi Margrétar Jónsdóttur, var fæddur 1678 og lést 1765. Ekki er því um mjög langan munnmælatíma að ræða og gæta verður þess að amma mín hlýtur að hafa haft einhver tíðindi af langömmu sinni og nöfnu sem varð hálfáttatræð (d. 1828). Má geta þess til að Sigríður Bjarnadóttir (d. 1862), amma Margrétar Ólafsdóttur, sú „greinda myndarkona“, hafi kunnað skil á uppruna móður sinnar. Sigríður dvaldi síðustu tíu ár sín á Syðri-Steinsmýri hjá dóttur sinni, Margrétu Gissurardóttur, og hafa kynni hennar við dótturdótturina, Margrétu Ólafsdóttur, að líkindum verið umtalsverð. – Því verður samt ekki í móti mælt að sögnin er óljós í meira lagi. Hvað er átt við með „Nes“? Eru það Suðurnes eða Nesjasveit í Hornafirði? – Setjum svo að sögnin sé höfð eftir Sigríði Bjarnadóttur. Er þá ekki einkennilegt að hún skuli ekki þekkja nafn móðurömmu sinnar? Eða var það fallið úr minni Margrétar Ólafsdóttur? Séra Einar telur hana þó greinda og minnuga (*ÆAu*, bls. 1429).

Hér skal einginn dómur lagður á þessa kenningu, hún verður hvorki sönnuð né afsönnuð. Hinsvegar vill svo til að leiða má nokkrar líkur að því að Margrét Jónsdóttir hafi verið ættuð austan af landi. Hún dvaldi á ýmsum stöðum í Meðallandi eftir að hún varð ekkja, m.a. var hún tvisvar til heimilis að Eystri-Lyngum. Þar hafði gerst bóndi árið 1816 Hjörleifur (1766–1843) Jónsson „handlæknir“ en sonur hans Hjörleifur (1798–1849) tók þar við af honum 1824. Þeir feðgar voru komnir austan af Héraði. Var Hjörleifur eldri fæddur á Gilsá í Breiðdal; hafði búið um skeið á Freyshólum á Völlum. Hann var kominn suður í Meðalland 1810, þá vinnumaður í Hátúni og bjó síðan á ýmsum stöðum þartil hann flutti að Eystri-Lyngum. Hjörleifur læknir er mikil persóna orðin í þjóðsögum og verður hér ekki farið neinum orðum um það.¹ Hitt má benda á að Margrét Jónsdóttir var samvistum við þá feðga og dó hjá Hjörleifi yngra (1828). Hefur verið sett fram vitlausari kenning en sú að Margrét þessi hafi verið eitthvað skyld eða tengd þeim feðgum en það táknar að hún hafi átt kyn að rekja austur á Hérað eða í Breiðdal.

¹ Sjá m.a. Sigfús Sigfússon 1988:245–251. Þar eru reyndar meinlegar missagnir um uppruna Hjörleifs og æviferil.

Um ættir Páls Þorsteinssonar

Frá foreldrum Páls Þorsteinssonar

Páll var fæddur á Pverá á Síðu 25. júlí 1834 en þar bjuggu þá foreldrar hans, Agnes (1806–94) Sveinsdóttir og Þorsteinn (1793–1848) Helgason. Þau bjuggu síðar á Fossi á Síðu en síðast á Núpum í Fljótshverfi þar sem afkomendur þeirra búa enn í dag.

Þorsteinn lést 23. júní 1848. Voru þá á lífi sjö börn þeirra hjóna, sum á ungum aldri. Rúmu ári síðar (29. sept. 1849) giftist Agnes aftur Stefáni Þórarinssyni frá Rauðabergi í Fljótshverfi. Hann var 14 árum yngri en Agnes (f. 1820); bjuggu þau áfram á Núpum. Sýnist ekki fjarri lagi að álykta að Agnes hafi hér verið að tryggja afkomu sína og barna sinna. Þau Stefán eignuðust tvær dætur sem báðar urðu skammlífar. En síðara hjónaband Agnesar varð ekki langvinnt. Þann 22. janúar 1857 varð Stefán bóndi úti milli bæja, Núpa og Seljalands. Agnes var þá orðin ekkja í annað sinn. Hún lét þó ekki deigan síga og bjó áfram með tilstyrk barna sinna. Er hún skrifuð fyrir búi á Núpum allt til dauðadags 1894; skorti hana þá rösk tvö ár á níráðisaldur. Það vekur nokkra undrun að hún skyldi ekki gefa upp búskap í hendur barna sinna. Þannig var Sigmundur, yngsti sonur hennar og Þorsteins, húsmáður hjá henni árum saman (1877–94), þá kvæntur fjölskyldumaður. E.t.v. hefur einhverju valdið um þessa ráðabreytni að tryggast hafi verið talið að Agnes héldi ábúðarréttinum en Núpar voru klausturjörð. – En Agnes hefur verið mikilhæf skörungskona og eru heimildir um það að börnin höfðu á henni traust og elsku. Fjórum sinnum létu þau Páll og Margrét heita í höfuð hennar og lifðu tvær Agnesar þeirra.

Um ættir Páls Þorsteinssonar

Þorsteinn, faðir Páls, var í föðurætt úr Meðallandi en Helgi faðir hans var Þorsteinson (f. 1701), Ólafssonar bónda á Syðri-Steinsmýri, Jónssonar. Ólafur hafði viðurnefnið „gamli“. Hann er talinn fæddur 1677, bjó á Steinsmýri 1703 og enn 1756. Jón faðir Ólafs var sonur Jóns „gamla“ Eiríkssonar, bónda á Steinsmýri á fyrri hluta 17. aldar. Margt fólk er komið af þessum „gömlu“ Steinsmýrarfeðgum því þeir urðu kynsælir. Hér má nefna að dóttir Ólafs „gamla“ var Hallgerður (f. um 1715) en hún var móðir Páls Jónssonar hópítalhaldara, ættföður Pálsættar (sjá *Töflu 3* hér á eftir, sbr. einnig *ÆS.* bls. 351).


Sveinn (1775–1843), faðir Agnesar, var Steingrímsson, Halldórsonar, bónda á Hnappavöllum í Öræfum, Jónssonar (f. 1669) bónda á Hnappavöllum, Einarssonar (Skaftafellsætt). Kona Halldórs á Hnappavöllum var Guðrún Björnsdóttir, lögréttumanns Þorleifssonar. Jón Einarsson á Hnappavöllum var kvæntur Ólöfu frá

Núpstað, dóttur Jóns Jónssonar bónda þar. Annar sonur þeirra var Eiríkur en hann var faðir Ólafar, móður Þorsteins Helgasonar. Voru þau hjón, Þorsteinn og Agnes, því skyld að þriðja og fjórða. Bróðir Ólafar frá Núpstað var Jón prestur á Mýrum, föðurafi Steingríms biskups Jónssonar (sjá *Töflu 3*).

Föðurbróðir Agnesar Sveinsdóttur var Jón (1777–1851) Steingrímsson, en alnafni hans, Jón eldklerkur, hóf að kenna honum undir skóla og varð hann prestur í Hruna (1819-1845).

Tafla 3

Til skýringar á ætt Páls Þorsteinssonar



Um Odd Bjarnason og afkomendur hans

Móðir Agnesar Sveinsdóttur og amma Páls Þorsteinssonar var Ragnhildur, dóttir Odds (1741–97) Bjarnasonar en hann var hreppstjóri og meðhjálpari í Síðusveit þegar Skaftáreldar dundu yfir. Kona hans var Guðlaug (1750–1803) Björnsdóttir. Þau bjuggu í Hörgsdal eldárið 1783 og gætu hafa búið þar einhver næstu ár á undan. 1784 fluttu þau niður í Landbrot að Seglbúðum þar sem þau bjuggu til 1793 og er Oddur jafnan kenndur við þann bæ. Síðast bjuggu þau á Neðra-Hrauni þar í Landbroti. Odds er oft getið í *Æfisögu séra Jóns Steingrímssonar* eldklerks (*ÆJS*). Hefur hann (ásamt öðrum hreppstjórum) samið og undirritað nokkur vottorð sem séra Jón fékk sér þegar hann átti í vök að verjast vegna meðferðar sinnar á samskotafénu. Vottorðin gefa góða mynd af lífi fólks á þessum slóðum í móðuharðindunum og hvernig séra Jón brást við þeim vanda. Einnig ritar Oddur undir vottorð um framkvæmdir prests á Prestsbakka en honum var annt um að handaverk sín féllu ekki í gleymsku (sjá *ÆJS*, bls. 189, 197, 220, 225 o.v.)

Það er athyglisvert að Oddur Bjarnason og kona hans, áttu sex ungar dætur í Hörgsdal 1783 (fæddar á árunum 1772–83). Þær héldu allar lífi og má heita einsdæmi í þeirri sveit, og af 12 manns í heimili þeirra (1783) voru aðeins tveir látnir 1786 þegar harðindum slotaði. Í Hörgsdal bjuggu þá líka tengdaforeldrar Odds, Björn Jónsson og Ragnhildur Salómons dóttir. Þeirra heimili komst líka vel af. Tvö önnur bú voru þá í Hörgsdal. Á öðru létust allir (hjón með þremur börnum), á hinu lifði helmingurinn (fimm af tíu). Þetta sýnir vel að töggur hafa verið í þessum forfeðrum Agnesar. Um afdrif fólks er hér farið eftir skýrslu séra Jóns Steingrímssonar (sjá *ÆJS* bls. 371–372) Þeir Oddur og séra Jón hafa verið vinir. Við eina af síðustu messum sínum á Klaustri, 7. nóv. 1790, tók prestur „til heimulegrar aflausnar þann fróma mann Odd í Seglbúðum og konu hans ...“ og sér ástæðu til að geta þess í æfisögu sinni (bls. 304).


Þau Oddur og Guðlaug eignuðust alls þrettán börn, tíu dætur og þrjá syni, og er svo að sjá að þau hafi öll náð fullorðinsaldri en á þessum tíma var slíkt afar fátítt um svo stóran systkinahóp. Af dætrum þeirra er nú mjög margt fólk komið, sumt orðlagt fyrir þrek og athafnasemi. Hér má t.d. nefna að Jón (1866–1936) Einarsson, hreppstjóri í Mundakoti á Eyrarbakka, orðlagður dugnaðar- og þrekmaður, var þriðji maður frá þeim hjónum. Jón var faðir Ragnars í Smára, föður Jóns Óttars stofnanda Stöðvar 2. Halla (1843–1927) Lárusdóttir, móðir Lárusar á Klaustri og Helga Bergs, kunnra athafnamanna, var komin af Oddi en móðir hennar, Ragnhildur Einarisdóttir, var dóttir Guðrúnar Oddsdóttur sem fædd var eldárið (1783).

Síðari kona séra Páls Pálssonar í Hörgsdal, Guðríður Jónsdóttir, var dótturdóttir Odds Bjarnasonar (dóttir Guðríðar sem fædd var 1772). Þeirra sonur var m.a. Páll prestur í Þingmúla (sjá *Töflu 4*, sbr. einnig hér á eftir, bls. 14–15). Margt fólk er

komið af Guðríði Jónsdóttur og eru sögð skil á afkomendum hennar í ritinu *Ættir Síðupresta* (bls. 456 o áfr.).

Tafla 4

Nokkrir afkomendur Odds Bjarnasonar



Um faðerni Páls Þorsteinssonar

Nú verður staldrað við þá ættarsögn að Páll Þorsteinsson hafi ekki verið rétt feðraður en sonur séra Páls í Hörgsdal.

Sr. Páll (1797–1861) Pálsson í Hörgsdal þjónaði Kirkjubæjarlausturs prestakalli frá 1821 til dánardægurs (tvö fyrstu árin aðstoðarprestur). Hafa verið sögð nokkur deili á honum hér á undan (sjá *Töflu 1* og *3*) en þeir Þorsteinn Helgason, faðir Páls, voru þremmenningar (sjá *Töflu 3*)

Þorsteinn og Agnes voru sóknarbörn séra Páls og hann vígði þau saman í gömlu kirkjunni á Klaustri í ágústbyrjun 1827. Þau bjuggu síðan í sókninni, lengst á Þverá, þar til þau fluttu að Núpum í Fljótshverfi (1840) og eru flest börn þeirra fædd á Þverá, þar á meðal Páll sem líklega hefur borið nafn sóknarprestsins hvernig svo sem hann var undir komin. Nokkurt orð hefur farið af kvennafari séra Páls í Hörgsdal og svo mikil óhægindi voru í sambúð hans og fyrri konu hans að skilnaður þeirra var ger.

Þessi kenning um faðerni Páls Þorsteinssonar hefur jafnan verið rökstudd með því að Hann og Margrét kona hans hafi farið austur á Hérað að tilstuðlan sr. Páls Pálssonar yngra sem hefði viljað greiða fyrir hálfbróður sínum. Verður vikið að þeirri sögn síðar. Þess ber að geta hér að sr. Páll yngri var ekki fæddur í hjónabandi. Þegar hann kom í heiminn (4.10. 1836) var móðir hans, Guðríður Jónsdóttir, vinnukona hjá séra Páli í Hörghsdal og var hann þá fyrst kenndur Pétri nokkrum Jónssyni vinnumanni þar. Guðríður varð síðar (24.5. 1844) seinni kona Páls prests sem þá æddleiddi drenginn og hefur hann alment verið talinn sonur hans. Þær Guðríður Jónsdóttir og Agnes Sveinsdóttir voru systradætur (sbr. hér á undan *Töflu* 4).

Páll yngri Pálsson þjónaði fyrst prestaköllum í Vestur-Skaftafellssýslu, m.a. Kálfafelli (1863–68) og Prestsbakka (1868–78). Hann hefur því verið sóknarprestur þeirra Páls Þorsteinssonar og Margrétar Ólafsdóttur lengstum meðan þau bjuggu í Fljótshverfi og á Síðu. Árið 1878 fékk séra Páll Stafafell í Lóni og sat þar til 1881 en fékk þá Þingmúla í Skriðdal þar sem hann var prestur til dánardags en hann drukknaði í Grímsá 4. okt. 1890. Páll prestur var að mörgu leyti mikilhæfur maður. Hann var þingmaður Skaftfellinga um skeið og kunnur fyrir málleysingjakennslu sem hann stundaði lengi, fyrstur manna hérlandis. Í *ÍÆ* (4:137) er þessi lýsing á Páli: „Gáfumaður mikill og málsnjall, drykkfelldur nokkuð og allra manna örlátastur, en þó dugmikill og búsyslumaður.“ Hann þótti ærið brokkgengur í kvennamálum, ekki síst þann tíma sem hann var prestur í Fljótshverfi og á Síðu. Er alkunna að honum voru (með réttu eða röngu) eignuð ýms börn (sbr. *VS* 3:232) og í sögnum er uppi haft að hann stæði jafnan í ströngu við að fá menn til að gangast við börnum þeim sem hann gat utan hjónabands.

Þau Páll Þorsteinsson og Margrét og flest börn þeirra lentu austur í Skriðdal skömmu eftir að séra Páll settist þar að svo sem síðar greinir. Má vera að prestur hafi átt einhvern þátt í því en ekki þurftu þeir Páll Þorsteinsson þó að vera hálfbræður til þess. Einsog fram hefur komið hér á undan voru ærin ættarvensl með þessu fólki sem vel gætu skýrt vináttutengsl: Þorsteinn og séra Páll eldri voru þremmenningar og þeir nafnarnir líka (sjá hér á undan *Töflu* 3, bls. 12). Þeir voru og sveitungar, á svipuðu reki og hafa vafalaust verið góðir vinir. Virðist þetta ærið nóg tilefni til að Páll í Þingmúla hafi viljað hjálpa nafna sínum og nánnum frænda.

Í *ÆAu* (bls. 1427 o. áfr) er einsog áður hefur komið fram ættartala frá Gissuri Jónssyni í Rofabæ í Meðallandi. Hefur sr. Einar skrifað hana 1905 eftir Margrétu, ömmu minni, en Gissur var móðurafi hennar (sbr. hér á undan, bls. 6–7). Í ættartölunni dregur Margrét fram þremmenningsskyldleika Páls manns síns og Páls í Þingmúla. Trúlega hefði hún nefnt það við sr. Einar ef hún hefði talið mann sinn verið hafa launson séra Páls í Hörghsdal. Hafi hún nefnt þetta hefur prestur ekki séð ástæðu til að geta þess. Nefnir hann þó iðulega launbörn í riti sínu.

Hér verður ekki fjallað frekar um þessa ættarsögn. Þótt margt megi tína til gegn henni og mér virðist hún næsta hæpin er e.t. v. vafasamt að hafna henni algerlega. Ég heyrði föður minn og móður nefna þessa kenningu og töldu þau hana líklega. Margrét systir mín hafði það eftir Páli Pálssyni á Reyðarfirði, syni Páls í Þingmúla, að það hefði verið almannarómur að Páll Þorsteinsson væri sonur Páls í Hörghsdal, svo kvað hún einnig segja skyldfólk okkar í Meðallandi. – En varasamt getur verið að treysta „almannarómi“ þótt sagt sé að hann ljúgi sjaldan.

Frá Margréti Ólafsdóttur og Páli Þorsteinssyni

Af uppvexti Margrétar

Margrét Ólafsdóttir var fædd í Oddum 27. apríl 1839 og ólst upp hjá foreldrum sínum á Syðri-Steinsmýri, elsta barn í stórum systkinahópi en börn þeirra hjóna urðu 14 að tölu einsog áður var sagt. Sex þeirra létust ungabörn en upp komust fimm dætur og þrír synir. Urðu systkinin kynsæl og er nú fjöldi fólks af þeim kominn

Einsog áður er getið (sjá *Inngang*) ritaði Sólrún Eiríksdóttir á Krossi í Fellum grein um Margrétu í *Múlaping* 6 (1971) þar sem hún rekur nokkuð æfi hennar. Sólrún var uppeldisdóttir Páls, sonar Margrétar, og gekk Margrét henni því í ömmu stað. Voru þær samvistum á Krossi er Sólrún var að alast þar upp og elskar hvor að annari eftir því sem Sólrún segir. Sólrún rekur nokkrar sögur frá uppvaxtarárum Margrétar á Steinsmýri en hún „átti margar hjartar minningar frá æskulóðum sínum,“ segir í greininni. Vafalaust fer Sólrún eftir frásögn Margrétar um þetta efni og verður nú birtur hér kafli um þetta efni úr grein hennar:

Systrunum var mjög haldið til vinnu eins og títt var í þá daga. Einu sinni sem oft var þær að smala til rúnings, auðvitað um vor. Voru þær gangandi, annað þekktist ekki. Veður var mjög heitt þennan dag; fækkðu þær því fötum og voru aðeins á hvítum ullarnærfötum. Nágranni þeirra kom auga á þær frá hæð einni langt frá, kallaði til þeirra og sagði: „Sælir verið þið, drengir mínir.“ Sýndist honum þetta piltar vera, því engin stúlka vogaði að láta sjá sig í buxum í þá daga. Af stúlkunum er það að segja, að þeim varð bilt við þetta ávarp. Þær hröðuðu sér burt, og varð ekki af kveðjum.

Starx á unglingsárum var Margrét hraust og þrekmikil og með afbrigðum afkastamikil við útvinnu. Gekk hún að slætti á sumrum og skilaði ekki minni skák að kveldi en meðalsláttumaður. Einn morgun hélt Margrét af stað með orfið sitt á öxlinni. Móðir hennar sá til hennar, kallaði til hennar og sagði: „Manga, komdu og fáðu þér mjólkursopa áður en þú ferð.“ Rétti húsfreyja þá dóttur sinni ausu sem tók mörk og var kölluð „Krubba“, fulla af rjóma. Hún hafði rétt áður verið að renna trogum. Margrét þakkaði drykkinn og hélt leiðar sinnar. Var ferðinni heitið austur í svokallað Hlaupatagl. Þar var grasgefið og mjög víðáttumikið engi. Á leiðinni var djúp kelda. Studdi Margrét sig með annarri hendi við orfið meðan hún fór þar yfir, en með hinni sló hún upp fyrir sig. Gæti hún þess ekki hvernig ljárin sneri, lenti höndin í ljáin og skarst hún illa. Ekki lét hún þetta á sig fá, en fór sem hún ætlaði og tók að slá sem ákafast. Rann blóðið niður orfið og litaði það rautt. Smám saman minnkaði blæðingin, og sló hún til kvölds og varð ekki meint af. En örið bar hún til æviloka. Sýnir þetta hve Margrét var harðger og viljasterk.

Á Syðri-Steinsmýri var aldrei borinn matur á engjar. Ólafur bóndi var vinnuharður, en góð regla á öllu bæði utan bæjar og innan. Var nógur matur og góður. Þóttu bæði hjónin góðir húsbændur, og líkaði öllum þar vel þrátt fyrir stranga vinnu. Ólafur bóndi leyfði fólki sínu að eiga frí nokkra daga eftir að vorverkum var lokið áður en sláttur hófst. Gengu dætur hans þá sunnudagsklæddar í rósóttum dagtreyjum, dökkum felldum pilsaum með ljósum mittissvuntum, hárið fléttað í fjórar fléttur og endarnir nældir upp undir húfufitina, í dökkum sokkum með sortulitaða skó á fótum. Var það glæsilegur hópur; litu margir ungir piltar þær hýru auga.

(Sólrún Eiríksdóttir 1971:40–41.)

Gifting Margrétar og Páls

Einn af þeim ungu mönnum sem leist vel á Margrétu heimasætu á Steinsmýri var Páll Þorsteinsson á Núpum í Fljótshverfi. Sólrún Eiríksdóttir kann að segja frá fyrstu kynnum þeirra:

Eitt sinn var Margrét í kaupstaðarferð með föður sínum að vorlagi ásamt fleira fólki. Mættu þau mörgu fólki því þetta var á lestunum. Margrét reið dökkrauðum hesti, fallegum og traustum. Meðal þeirra sem þau mættu var ungur og gervilegur maður sem hún hafði ekki séð áður. „Hann prýddi allt, og hesturinn var líka svo fallegur að af bar,“ sagði Margrét löngu síðar. Þetta var Páll Þorsteinsson. Hefur þetta víst orðið ást við fyrstu sýn hjá báðum þó ekki gerðu þau annað en horfast í augu og ávarpa hvort annað kveðjuorðum í þetta sinn (1971:42).

Sólrún greinir frá því að Páll hafi hrifist af stúlkunni á dökkrauða hestinum og tekið það ráð að skrifa henni nokkur bréf og

eina stöku eftir hann fór Margrét stundum með, og sagði að það væri endir á einu bréfi hans til sín. Er hún svona:

„Klórið enda fljótt svo fer,
forlát, bón til liggur,
vil ég ætíð vera þér
vinfastur og tryggur“ (sama rit:42)

Þannig sá Margrét fyrir sér fyrstu kynni þeirra Páls á elliárum sínum austur á Krossi í

Fellum og er víst nokkuð rómantískur blær á frásögninni. En hvað sem því líður varð hér alvara úr; Margrét og Páll Þorsteinsson voru gefin saman í hjónaband 12. júní 1862, hún þá nýlega orðin 23 ára en Páll fjórum árum eldri.

Frá Núpum að Fossi

Þau Margrét Ólafsdóttir og Páll Þorsteinsson bundust hjúskap vorið 1862 svo sem áður er sagt. Þá hófst búskaparsaga sem þau hefur líklega ekki órað fyrir í kaup-

staðarferðinni sælu. Mikil landþrengsli voru þá orðin í Skaftafellssýslu sem víðar og ekki auðhlaupið að ábýlisjörð. Páll hafði undanfarin ár verið hjá Agnesi móður sinni á Núpum og þangað flutti hann brúði sína.

Páll er skráður húsmaður á Núpum næstu sex árin eða til 1868 og þar voru þá fleiri systkini hans sem komin voru á fullorðinsár. Hefur þeim hjónum vafalaust þótt þröngt um sig, börn þeirra orðin fjögur, og vorið 1868 taka þau ábúð á Kálfafelli en þaðan fluttist þá Páll prestur, frændi þeirra, sem þá skipti um brauð og fékk Prestsbakka. Þarna voru þau í tvíþýli til næsta vors en þá flytja þau sig vestur á Síðuna (einsog Páll prestur) og bjuggu á Keldunúpi í tvö ár í tvíþýli. Keldunúpur er nokkuð stór jörð, 18 hundruð að fornu mati, og voru þar löngum tveir ábúendur (Austur- og Vesturbær). Jörðin var fátækra eign (þ e kristfé) og því má vera að Páll prestur hafi haft eitthvað að segja um byggingarráðin. Búskapur á þessari jörð virðist hafa verið nokkuð álitlegur kostur en ábúð þeirra hjóna stóð þó stutt. Vorið 1871 fluttu þau að Múlakoti, hjáleigu frá Hörgslandi. Verður nú ekki skýrt hvað olli þeirri ráðabreytni. Sólrún Eiríksdóttir segir svo um búskap þeirra á Keldunúpi

Farnaðist þeim [þar] mjög vel og virtist þar allt ganga þeim í haginn. Hefðu kjör þeirra orðið öll önnur ef þau hefðu fengið að vera áfram á þeim góða stað. Því miður voru þau hrakin þaðan. Ekki man ég hver ástæðan var (1971:43).

Nú finnast eingar heimildir um hvort eða hversvegna þau voru „hrakin“ frá Keldunúpi. Miðað við skýrslur í *Hreppsþók Kleifarhepps* virðist búskapur þeirra þar ekki hafa staðið með neinum blóma. Rættist frekar úr fyrir þeim eftir að þau fóru þaðan.

Í Múlakoti bjuggu þau Páll og Margrét til 1875 en það ár flytjast þau að Fossi og á þeim bæ bjuggu þau lengst, eða til vors 1883. Á þessu árabili voru yfirleitt 4 ábúendur á Fossi, í Austurbæ, Miðbæ og Vesturbæ, og húsmenn að auki. Þar bjó þá (1867–1900) Helgi Bergsson en kona hans var Halla Lárusdóttir, þremenningur við Pál (sbr. *Töflu 4*, bls. 14 hér á undan). Einnig bjó þar lengi (1876–1897) Steingrímur Jónsson en þeir Páll voru systrasynir. Hér voru þau því í frændgarði stödd.

Sólrún Eiríksdóttir er í grein sinni (1971) fremur fáorð um búskaparsögu þeirra Margrétar og Páls í Fljótshverfi og á Síðu og gætir þar nokkuð missagna (sbr. *Inngang*). Um búskap þeirra á Fossi farast henni svo orð:

Það er hægara að ímynda sér en lýsa þeim margvíslegu erfiðleikum sem þessi ágætu og dugmiklu hjón áttu við að stríða árin sem þau bjuggu á Fossi. Hlunnindi voru engin en óþægindi óteljandi. Bærinn stendur undir háu fjalli eða felli. Fram af því fellur á sem myndar þann tignarlega og fagra foss er bærinn dregur nafn af. Bak við fellið var stekkurinn sem ánum var smalað að og eina áheldið sem til var. Þar var ánum stífað um stekktímann. Fólkið stytty sér leið og fór yfir fellið sem er bæði hátt og bratt, en þegar búið var að taka lömbin og setja þau í lambastekkinn var ánum hleypt út. Þær tóku sprettinn um leið, fyrir endann á fellinu og heim.

Urðu þær oft á undan fólkinu, sem þó flýtti sér allt hvað af tók til þess að verja þeim túnið. Girðingar voru þá engar til. Margrét var venjulega á ferli allar nætur í heilan mánuð á vorin, fór ekki úr fötum, en fleygði sér út af smástund án þess að afklæðast, og ekki var um hvíld að ræða á daginn. [...] (Sólrún Eiríksdóttir 1976:43).

Hér er Sólrún vafalaust að rekja sögusögn Margrétar og er brugðið upp mynd af erilsömum stekktíma.

Á Fossi fæddust þeim Margréti og Páli þrjú börn og dóu tvö tæplega árgömul en Agnes (f. 30.4. 1880) lifði. Var hún tólftha barn þeirra en aðeins sjö af þeim voru þá á lífi. Þau voru auk Agnesar, Ólafía (f. 2.5. 1863), Stefanía Margrét (f. 29.4. 1864), Páll (f. 3.12. 1869), Margrét (16.12. 1870), Helgi (f. 18.9. 1872), Agnes eldri (f. 5.8. 1874). Stefanía Margrét varð eftir austur í Fljótshverfi og ólst mest upp á Núpum hjá ömmu sinni og frændfólki. Hin börnin voru með foreldrum sínum.

Ljóst er að þau Margrét og Páll hafa allt frá upphafi búið við fátækt; þau hafa ekki sett saman af miklum efnum og ómegð hlóðst á þau. Þau voru nær ávallt einyrkjar; ein tvö ár höfðu þau vinnukonu og eitt árið líka vinnumann. Á búskaparárum þeirra var Kleifarheppur hin forni þéttsetinn.² Þar var búið á hverju örreitiskoti og afbýli voru mörg; tvíbýli og þaðan af meira á flestum stærri jörðum. Sveitarþyngsli voru talsverð allt þetta tímabil; ómagar oftast milli 20 og 30 en urðu flestir 40–50 á árunum 1868–1872. Segir þetta sína sögu um afkomu manna. Þó ekki væri ríkidæmið hjá þeim Páli og Margrétu voru margir enn verr staddir.

Mér tókst aðeins að finna heilar búnaðarskýrslur úr Kleifarhreppi fyrir tvö ár. af þeim sem hér um ræðir. Fyrri skýrslan er gerð í fardögum 1872, annað árið sem þau hjón bjuggu í Múlakoti. Þá var bústofninn þessi:

2 kýr, 1 veturgamalt naut
22 ær með lömbum og 5 geldar
10 sauðir og hrútar eldri en veturgamlir, 11 gemlingar
2 hestar, 1 tryppi.

Í *Hreppsbók Kleifarhrepps* er þessi eign metin til lausafjártúndar á 7,7 hundruð³ og hafði hún ekki verið hærri hjá þeim áður og afkoman fór heldur batnandi. Best virðist þeim Páli og Margrétu hafa vegnað fyrri búskaparárin á Fossi. Lausfjártúnd þeirra er þá á bilinu 10–15 hundruð, þau hanga í því að vera miðlungar í hreppnum. En árið 1878 fer að síga á ógæfuhliðina og í búnaðarskýrslu fyrir fardagaárið 1881–1882 tekur upptalning á bústofni þeirra ekki mikið rými:

² Kleifarheppur náði yfir Fljótshverfi, Brunasand, Eystri-Síðu, Landbrot og Útsíðu. Hreppnum var skipt árið 1893 í Hörgslands- og Kirkjubæjarhrepp.

³ Hér er notaður hinn gamli verðaurareikningur: 1 hundrað = 120 álnir = 1 kýrverð

1 kýr, 11 fjár og 4 hross tíundarbær.

Nú er ekki um auðugan garð að gresja. Af hrossaeign þeirra hjóna mætti e.t.v. draga þá ályktun að þau væru að búast til langferðar sem ekki var heldur langt í. Börnum sínum fara þau nú að koma fyrir enda lítið til að bíta og brenna í heimili þeirra. Agnes eldri fór að Hæðargarði í Landbroti (líklega 1878) en þar bjó föðursystir hennar Ólöf Þorsteinsdóttir með manni sínum Jóni Jónssyni. Þar er hún talin „fósturbarn“ (1884). Páli syni sínum koma þau að Dalshöfða í Fljótshverfi 1881 og Margrét er tökubarn á Teygingalæk 1882.

Frostaveturinn mikli 1881 fór ekki mjúkum höndum um bændur og búalið og hörð ár fylgdu í kjölfarið. Nú var komið að búskaparlokum hjá þeim, Páli og Margrétu. Vorið 1883 tóku þau sig upp með flest börn sín og fluttust austur í Hornafjörð þangað sem leið lá yfir stóra sanda og ströng jökulfljót.

„Faðir minn átti fagurt land.“

Ens og kunnugt er þá er landslag á Fossi á Síðu sérkennilegt og fagurt. Skammt þar fyrir austan eru Dverghamrar, fögur og einkennileg náttúrusmíð. Var talið að þar byggju hulduverur eða álfakyn. Ólafía var elst barna þeirra Páls og Margrétar og hefur snemma verið höfð til snúninga og smalamennsku. Löngu seinna (1904) ritaði Sigfús Sigfússon eftir henni þessa frásögn:

[Svo bar til að Ólafía] var send um sumarkvöld að reka ær og lagði hún leið fram hjá Dverg-hömrnum. Hún segist þá heyra söng fagan. Það þykir henni ónáttúrulegt því hvorki var þar neinna manna von né heldur líkindi til þess að neinn væri þar að syngja sem hún kannaðist ekkert við. Hún segist þá hafa sest niður og hlustað um stund á sönginn. Það var sálmurinn „Faðir á himna hæð“ – sem sunginn var. Þegar hún var vel viss um það að sér heyrðist rétt sneri hún heimleiðis og segist hafa heyrt lengi óminn af söngnum á eftir sér. En þar eð menn vissu að þar var einskis manns von þá héldu sumir að dvergarnir í hömrnum hefðu sungið og eru þeir eftir því kristnar verur og ljósálfakyns.

(Sigfús Sigfússon 1982b:188)

Börnin hafa tekið ástfóstri við bæinn undir fossinum. Páll Gíslason (1970:29) hefur það eftir Agnesi yngri

að hún mundi eftir sér á Fossi, undi þar vel og vildi ekki fara, en hennar vilji lítils metin á þeim árum. Eignaði sér hest skjóttan og á honum fékk hún að sitja austur með reyndari manni. Síðan hvarf [bærinn] í móðu trega og tára og þangað kom hún aldrei aftur. Sat í keltu móður sinnar þegar hún sundreið Hornafjarðarfljót, en hver það var, sem hún reiddi að baki sér er nú gleymt.

Engum sögum fer af hugrenningum þeirra hjónanna en vart hafa þau yfirgefið heimaslóðir með glöðu geði.

Í Hornafirði

Svo sem áður hefur verið dregið fram var á síðara hluta 19. aldar orðin mikil landþröng víða um sveitir því fólki hafði fjölgað nokkuð stöðugt, allt frá Skaftáreldum. Jarðnæði varð æ torfengnara og byggðust þá heiðalönd, t.a.m Jökuldalsheiði og svæði innaf Vopnafirði. Í Skaftafellssýslum voru fremur litlir möguleikar á slíkri útpennslu byggðar og leituðu því margir burt. Sumir, einkum vestur-skaftfellingar, héldu vestur á bóginn þar sem sjávarpláss voru í örum vexti, svo sem á Eyrarbakka og um Suðurnes, í Vestmannaeyjum og sjálfri Reykjavík. Aðrir snéru til Austurlands en þar voru líka útgerðarpláss og kaupstaðir í vexti. Við Öskjugosið 1875 komst talsvert los á byggð um Austurland, fólk fór úr öskunni til Ameríku, jarðir losnuðu. Þannig var ástatt þegar fátæk hjón, sem bjuggu í margbýli á Fossi á Síðu, ákváðu að bregða búi og leita burt. Það kann að vekja nokkra undrun að þau skyldu ekki leita vestur svo sem alltítt var um sveitunga þeirra. Vestur á Eyrarbakka voru þá komnir náfrændur Margrétar, sonarsynir Gissurar í Rofabæ (þau systkinabörn), og þangað lögðu litlu síðar leið sína tveir bræður Margrétar, þeir Ólafur og Stefán. – Hafði séra Páll í Þingmúla kannski einhverja hönd í þessum bagga?⁴

Það var reyndar Óafía, elsta dóttirin, sem varð fyrst til að hleypa heimdraganum svo um munaði. Vorið 1882 fór hún, 19 ára gömul, vinnukona austur að Fornustekku í Nesjum. Það var ein af hinum mörgu Bjarnaneshjáleigum. Þar bjó þá ekkja, Steinunn Jónsdóttir að nafni, en fyrirvinna var sonur hennar, Finnbogi Ólafsson, sem þá var nýlega kvæntur Ingibjörgu Sigurðardóttur. Þetta fólk var ættað úr Hornafirði og Lóni.

Hér verður að geta þess að Steinunn á Fornustekku hafði verið tvígift. Síðari maður hennar var Filippus Daníelsson úr Fljótshverfi. Hann var fæddur (1845) á Hvoli, sem er næsti bær við Núpa, og ólst þar upp; var síðan vinnumaður þar í sveit og á Síðu uns hann fór að Fornustekku (1872) og kvæntist ekkjunni þar. Hann lést 1879. Filippus hefur vafalaust verið vel kunnugur Páli Þorsteinssyni og Margrétu en ekki verður hér neitt sagt um það hver áhrif sá kunningsskapur hafði á vistráðningu

⁴ Eiríkur Sigurðsson, skólastjóri og fræðimaður, gerði merka athugun á flutningi fólks úr Skaftafellssýslum til Héraðs og Fjarða á árunum 1860–1900. Í Austur-Skaftafellssýslu fann hann um 600 manns sem fluttu austur á þessu tímabili en telur að fleiri hafi farið, sennilega 700–800 alls. Hinsvegar fann hann ekki nema 75 Vestur-Skaftfellinga sem á sama tíma fóru austur. (Eiríkur Sigurðsson [án árs], bls. 6–7).

Ólafíu eða þá ráðabreytni þeirra hjóna að hverfa austur á bóginn en það gerðu þau árið eftir. Þorleifi í Hólum farast svo orð um komu þeirra í ævisögu sinni:

Þetta vor [þ e vorið 1883] kom hingað vistmaður Páll Þorsteinsson frá Fossi á Síðu ásamt Margrétu Pálsdóttur [rétt: Ólafsdóttur] konu sinni. Hún var að mestu sjálfrar sín. Þau hjón höfðu búið allengi þar syðra í mikilli fátækt. Fluttist öll fjölskyldan hingað austur, og voru sum börnin uppkomin og fóru austur á Hérað. Allt var þetta prýðisfólk. Páll var fyrirtaksmaður, góður verkmaður, ákaflega geðprúður og ljúfur í umgengni. Margrét var gerðarkona og vel verki farin á tóvinnu alla. Þau hjón voru hjá okkur nokkur ár (bls. 151).

Sýnist á orðalagi að þau hjón hafi verið þarna í húsmennsku, a.m.k. að einhverju leyti. Þorleifur segir einnig frá fæðingu Dagnýjar Pálsdóttur, örverpis þeirra hjóna, á þessa leið:

[...] Páll og Margrét eignuðust stúlku hér 4. marz árið eftir (1885) og var 7. mars skírð Dagný. Hún fluttist með foreldrum sínum austur í Fell eða Fljótsdal síðar. Hún giftist Gísli Helgasyni í Skógargærði í Fellum 1908, alkunnum merkisbónda. Og hef ég heyrt, að þau ættu prýðisheimili. Ég hef rakið þetta hér, því að mér finnst dálítið gaman að því, að tvær stúlkur vinnuhjúa, er fæddust hér, eru og hafa lengi verið húsfreyjur á miklum merkisheimilum á Héraði. [Hin var Guðrún Jónsdóttir, f. í Hólum 4. apríl 1884, og varð kona Metúsalems á Hrafnkelsstöðum.] (bls 153).

Eftir sálnaregistri að dæma höfðu þau hjónin aðeins Agnesi yngri með sér á Hólum 1883 en fleiri börn þeirra komu þó austur í Nes þetta vor. Margrét varð léttastúlka á Miðskeri og Helgi hefur vafalaust farið með þeim þó hans finnst ekki getið í Nesjasókn fyren 1885, þá hjá séra Jóni Jónssyni í Bjarnanesi.⁵ Agnes eldri varð eftir í fóstri hjá föðursystur sinni svosem áður er að vikið⁶ og Stefanía Margrét ólst upp hjá ömmu sinni. Páll yngri hefur sjálfsagt verið með í förinni austur en hann fór alla leið austur í Skriðdal. Og víkur þá sögunni aftur að Fornustekkom en þar var Ólafía Pálsdóttir vinnukona.

Finnbogi Ólafsson og Ingibjörg Sigurðardóttir gengu í hjónaband í Bjarnaneskirkju 28. okt. 1881 en um vorið hafði Ingibjörg komið að Fornustekkom frá Byggðarholti í Lóni. Er Finnbogi skráður fyrirvinna ekkjunnar, móður sinnar, 1882. Vorið eftir, sama vorið og Páll og Margrét koma að Hólum, þ.e. 1883, flytja þau Finnbogi og Ingibjörg svo að Víðilæk í Skriðdal. Með þeim fór Ólafía Pálsdóttir

⁵ Helgi Pálsson (10 ára) finnst meðal innkominnna í Bjarnanessókn 1883 en hvorki er getið um hvaðan hann kom eða hvar hann vistaðist. Hann finnst ekki í sóknarmannatali þar árin 1883–4.

⁶ Í VS (1:21) segir að Agnes hafi verið hjá foreldrum sínum á Fossi 1875–83 og farið með þeim að Hólum. Þetta er ekki rétt (sbr. hér á undan, bls. 21)

vinnukona og Páll, bróðir hennar, sem kominn var vestan af Síðu og er talinn smali á Víðilæk þetta ár, þá tæpra 14 ára (talinn 15 ára). Jörðin var eign Þingmúlakirkju og réð séra Páll Pálsson fyrir byggingu hennar.

Næstu þrjú árin voru þau hjón frá Fossi í Hólum. Páll er titlaður „vinnumaður“ í sálmaregistri og Margrét nefnd „kona hans“. Árið 1885 er Margrét dóttir þeirra líka í Hólum, talin „léttastúlka“. Ekki ráku þau sjálfstæðan búskap eftir að þau fóru frá Fossi en voru í vinnumennsku eða húsmennsku á mörgum bæjum. Vel má þó greina þá viðleitni þeirra að halda fjölskyldunni saman og voru þau stundum flestöll á sama stað einsog fram kemur hér á eftir.

Austur á Hérað

Sólrún Eiríksdóttir segir í grein sinni að fjölskyldunni hafi liðið vel í Hólum en hún virðist líta svo á að þar hafi hjónin verið við búskap með börnum sínum. Síðan segir hún svo:

Mér er ekki fullkunnugt um hvað olli því að vera þeirra Páls og Margrétar á Hólum varð ekki lengri en raun varð á, en þó mun hafa valdið nokkru og ef til vill öllu um flutninga þeirra þaðan, að hinn ágæti klerkur, séra Páll í Þingmúla frændi Páls Þorsteinssonar, vildi fá nafna sinn fyrir ráðsmann (1971:44).

Hér er þá aftur komið að þætti Páls prests Pálssonar í örlögum þessa fólks og verður þó ekki fullyrt neitt um hvernig sambandi þeirra við hann var háttað. Ekki er neitt ótrúlegt að prestur hafi haft vilja til að greiða eitthvað fyrir þessu frændfólki sínu og fornu sveitungum en einkennilegt er það þá að hann skyldi ekki byggja nafna sínum Víðilæk vorið 1883. Manni dettur helst í hug að eitthvað sé til í því sem Sólrún orðar svo:

Er sagt að hann hafi ætlað þeim vissa jörð sem hann átti ráð á og þar sem þeim hefði getað liðið vel, en þurft á henni að halda handa manni sem hann hafði fengið til að gangast við einu af sínum mörgu óskilgetnu börnum (sama rit:44).

Finnbogi Ólafsson frá Fornustekku hefur þá átt að vera slíkur „barnsfaðir“ því hann

fékk Víðilæk. Ekki finnast þó haldbær rök fyrir því. Séra Páll hefur að vísu þekkt Ingibjörgu Sigurðardóttur, hafði verið sálusorgari hennar í Lóni í þrjú ár meðan hann þjónaði Stafafelli (1878–1881). Fyrsta barn þeirra Ingibjargar og Finnboga er fætt 6. júní 1883⁷ og til þess kenningin fái staðist hefði prestur orðið að vera á ferð í

⁷ Barnið var stúlka, Guðríður að nafni. Finnbogi og Ingibjörg eignuðust 9 börn eftir því sem segir í *SJM* 2. Þau fluttu að Arnhólsstöðum í Skriðdal 1896 og bjuggu þar til 1910 en þá fluttu þau að Auðsholti í Biskupstungum. Guðríður varð þá eftir

Nesjum og lagst þar með giftri konu! Er það ekki fremur ótrúlegt? – En kannski hafa þessi hjón átt einhverja aðra hönk upp í bakið á séra Páli. Verður nú ekkert vitað um það.

Hvað sem þessu líður þá tóku þau Páll og Margrét sig upp vorið 1886 með þrjú börn sín og fluttust austur í Skriðdal þar sem þeirra gamli sóknarprestur þjónaði brauði og tvö börn þeirra voru þegar þangað komin. Ekkert varð af því að Páll yrði ráðsmaður hjá nafna sínum (hafi það staðið til?) en þau hjón vistuðust í Litla-Sandfelli með yngstu dæturnar, Agnesi og Dagnýju. Páll er skráður þar vinnumaður en Margrét nefnd „kona hans“ sem gæti bent til þess að þau hefðu að einhverju leyti verið sér um heimilishald. Margrét, dóttir þeirra, réðst vinnukona að Víðilæk. Þar var þá fyrir í vinnumennsku Páll bróðir hennar en Ólafía horfin þaðan á brott til Mjóafjarðar. Helgi Pálsson varð eftir hjá séra Jóni í Bjarnanesi og var síðan með honum allt til fullorðinsára að hann fluttist til Ameríku.

Næsta ár (1887) eru þau Páll yngri og Margrét yngri komin að Litla-Sandfelli og fjölskyldan aftur sameinuð að miklu leyti. Ekki stóð það þó lengi því næsta ár flytja hjónin að Eyrarteigi, næsta bæ, með yngstu dæturnar en Margrét og Páll verða eftir í Litla-Sandfelli. 1889 fara hjónin svo að Geirólfsstöðum og eru þar eitt ár en síðan lá leiðin aftur að Litla-Sandfelli þar sem þau voru öll í tvö ár nema Margrét yngri sem gerst hafði vinnukona á Staffelli í Fellum. Hér er þess að geta að Agnes eldri hafði komið austur vorið 1887 enda voru fósturforeldrar hennar þá hættir búskap sökum fátæktar. Voru þá öll börn þeirra hjóna nema Stefanía Margrét komin til Austurlands. Agnes eldri var ekki samvistum við foreldra sína þar eystra; hún fór fyrst að Hafursá í Skógum. Páll prestur í Þingmúla fermdi hana 1888. Má vera að foreldrarnir hafi viljað sjá til þess hún kæmist í kristinna manna tölu.

Svo er að sjá að í Litla-sandfelli hafi verið aðal hæli fjölskyldunnar fyrstu árin eystra. Þar bjuggu þá hjónin Hólmfríður Jónsdóttir og Einar Eyjólfsson. Þau voru systkinabörn komin af Benedikt Rafnssyni eldra á Kollsstöðum á Völlum (sbr. *ÆAu*, nr. 6828 og 6837). Þau þóttu merkishjón og var jafnan mannmargt heimili þeirra. Hólmfríður lést 1898 en Einar giftist aftur og bjó síðast í Flögu (d. þar 1912 (*SJM* 2)). Líkur eru til að í Litla-Sandfelli hafi skafftellsku fjölskyldunni liðið fremur vel. Þrátt fyrir hrakhólabúskap er reynt að sinna um uppfræðslu yngstu dætranna. Við húsvitjun 1891 gefur prestur þeim einkunnir. Dagný (6 ára) fær 4 í lestri og Agnes (11 ára) fær 4¹ í lestri 3² í kristindómi og 3¹ í skrift (hæst gefið 6?).

Enn má víkja að séra Páli í Þingmúla, hugsanlegum örlagavaldi þessa fólks. Telja má víst að það hafi verið með vitund hans (og vilja?) að þetta frændfólk hans lagði leið sína austur. Hann mun og hafa haldið í hönd með sínum gömlu

eystra og giftist þar Guðmundi Þorvaldssyni frá Geitdal. Eftir eins árs búskap þar fluttu þau að Bíldsfelli í Grafningi (sama rit).

sveitungum fyrstu árin eftir því sem hann fékk við komið. En þeirri liðveislu var ekki lengi til að dreifa því séra Páll drukknaði í Grímsá síðla hausts 1890. Dagnýju í Skógargerði, móður minni, lá heldur kalt þel til séra Páls og mátti heyra á henni að hann hefði ekki reynst foreldrum hennar nein heillapúfa. Og Sólrún Eiríksdóttir segir í grein sinni að svo líti út sem „sá merki maður hafi orðið orsök í öllum hrakningum þessarar blessuðu fjölskyldu“ (1971:44). Þetta er nokkuð djúpt tekið í árinni og ekki mun höfundurinn hafa haft neitt slíkt frá Margrétu Ólafsdóttur, ömmu minni. Þar sem Sólrún minnst á séra Pál vísar hún oftast til almennra sagna („Sagt er ...“) og dregur ályktanir af þeim. Verður nú ekki í það ráðið hvað hæft er í þessum orðrómi.

Norðuryfir Fljót

Skömmu eftir að séra Páll var allur kom að lokum Skriðdalsvistar þeirra hjóna, Margrétar og Páls, og lá leiðin nú norður yfir Fljót. Vorið 1892 fóru þau hjón og þrjú börn þeirra að Valþjófsstað, en þá sat staðinn séra Sigurður Gunnarsson. Margrét yngri og Páll yngri eru skráð sem vinnufólk og Páll eldri er líka vinnumaður. Margrét eldri er nefnd „kona hans“ sem enn bendir til þess að hún hafi að einhverju leyti verið „sjálfrar sín“. Agnes yngri fór þetta vor léttastúlka að Ormarsstöðum

Ekki voru þau hjón nema árið á Valþjófsstað og þaðan hvarf þá einnig Margrét dóttir þeirra sem fluttist að Hólum í Nesjum og giftist þar skömmu síðar Brynjólfi Jónssyni, bróður Þorleifs bónda. Þau fluttu vestur um haf árið 1900. Páll Pálsson var hinsvegar áfram vinnumaður hjá séra Sigurði og þá kemur þangað Ólafía systir hans með Jónu dóttur sína fimm ára gamla. Vorið 1894 fluttist prestur vestur í Stykkishólmi. Gerðist Páll þá vinnumaður á Staffelli í Fellum en Ólafía fór „í Mjóafjörð“.

Frá Valþjófsstað fóru þau Margrét Ólafsdóttir og Páll Þorsteinsson út í Fell, að Krossi, og leið þeirra hjóna lá ekki saman í fleiri sveitir en ýmsar höfðu þau heimsótt síðan þau gengu í hjónaband á vordegi suður á Kálfafelli í Fljótshverfi. Veturinn þeirra á Krossi gekk skæð innflúensa á Héraði og lagði fjölda manns í gröfina. Þá létust Urriðavatnshjónin, Ólafur Hjörleifsson og Anna Kröyer, í sömu vikunni frá mörgum ungum börnum. Páll Þorsteinsson varð líka að láta í minni pokann fyrir sjúkdómi þessum. Hann lést á Krossi 2. dag febrúarmánaðar 1884. Sama dag eða sömu nótt andaðist Hermann Jónsson, annar bóndinn á Krossi, en hjá honum höfðu þau Margrét ráðist vinnuhjú með Dagnýju, yngstu dótturina.

Um Pál Þorsteinsson, afa minn, kann ég annars lítið eða ekkert að segja umfram það sem hér á undan hefur verið rakið. Hann fær hið besta orð hjá Þorleifi í Hólum (sbr. hér á undan) og ljóst er að hann hefur reynt eftir megni að sjá fjölskyldunni farborða og tekist það furðanlega vel því hvergi verður séð að hann hafi þegið af

sveit og börnin sem lifðu komust vel til manns. Heyrt hef ég sagt að hann hafi verið eftirsóttur til ýmsra starfa sakir verkhyggni og dugnaðar. Forsjónin skammtaði honum erfið kjör en hann virðist ekki hafa brostið þrek og kjark til að standa í stöðu sinni, stöðu sem manni sýnist nú á dögum að oft hafi verið harla vonlítil. Þau hjón hafa verið samhent og aldrei slitnuðu samvistir þeirra þótt víða væri komið við. Var það ekki algengt um hjón í þeirra stöðu. Oftar en ekki voru líka nokkur barna þeirra með þeim.

Í ekkjudómi

Margrét Ólafsdóttir var nú orðin ekkja og tvö yngstu börnin enn innan fermingar. Vorið 1894 gerðist Páll sonur hennar vinnumaður á Staffelli, svo sem áður er sagt, og þangað flutti hún nú með dætur sínar, Agnesi og Dagnýju. – Enn einu sinni kemur í ljós viðleitnin að halda saman og virðist Páll yngri nú taka við forsjá í fjölskyldunni eftir föður sinn. Hann mun reyndar hafa verið búinn að afráða að flytjast vestur í Stykkishólm með séra Sigurði þetta vor en nú bauð skyldan annað. Á Staffelli munu þau hafa verið í tvö ár (Staffell vantar í sálmaregistur 1895) en vorið 1896 flytja þau að Ormarsstöðum og eru þar næstu þrjú árin. Þá bjuggu þar hjónin Guðmundur Kjerúlf og Vilborg Jónsdóttir. Guðmundur var sonur Andrésar bónda á Melum, Jørgensonar læknis Kjerúlf á Brekku, og konu hans Önnu Jónsdóttur bónda á Melum, Þorsteinssonar á Melum sem Melaættin er rakin frá. Vilborg var frá Kleif í Fljótsdal, dóttir hjónanna Jóns Þorsteinssonar bónda þar og Sigríðar Sveinsdóttur. Systir Vilborgar var Solveig yfirsetukona sem síðar varð kona Páls Pálssonar og tengdadóttir Margrétar.

Guðmundur Kjerúlf og Vilborg bjuggu síðar lengi á Hafursá (1909–1937) og eru jafnan kennd við þann bæ en á þessum árum ráku þau rausnarbú mikið á Ormarsstöðum og var þar jafnan fjöldi fólks og menningarbragur á heimili. Árið 1898 eru þar 17 manns í heimili. Páll Pálsson er skráður vinnumaður þessi ár en Margrét nefnd „móðir hans“ og „húskona“ síðasta árið. Vorið 1899 flytja þau Guðmundur og Vilborg frá Ormarsstöðum að Sauðhaga á Völlum og með þeim flest heimilisfólkið, m.a þau Margrét Ólafsdóttir og Páll sonur hennar. Er Páll vinnumaður en Margrét áfram „húskona“. Dagný er ekki skráð sem heimilismaður í Sauðhaga þetta ár og ekki heldur á Ormarsstöðum, en þetta vor var hún fermd í Áskirkju á þrenningarhátíð, þann 28. maí, og sögð heimilisföst á Ormarsstöðum. Líklega hefur hún fylgt móður sinni og bróður og með þeim er hún í Sauðhaga árið eftir (1900) þá titluð vinnukona (15 ára).

Leiðin lá aftur norður í Fell vorið 1901. Þá um veturinn (13. mars) gengu þau í hjónaband í Refsmýri Páll Pálsson og Solveig Jónsdóttir sem áður er nefnd, systir Vilborgar á Hafursá. Þau hófu búskap á Birnufelli um vorið, í tvíbýli við Ólaf Bessason. Til þeirra fluttu þá þær mæðgur, Margrét og Dagný, báðar skráðar

vinnukonur. Agnes (yngri) var þá og á Birnufelli, vinnukona hjá Ólafi. Vorið 1902 fluttu þau Páll og Solveig svo að Krossi og gerðust þar bændur. Þjuggu þau þar til æfiloka. Margrét og Dagný fylgdu þeim hjónum, Solveigu og Páli, að Krossi og þar dvaldi Margrét síðan lengst af. Eftir langa og stranga vegferð hafði hún loks náð höfn. Eitthvað var hún í Skógargærði hjá foreldrum mínum. Þar var hún þegar gamli bærinn þar brann vorið 1916 (sjá Indriða Gíslason 1995:206–208). Börn hennar sem lifðu voru nú öll uppkomin; tvö þeirra, Margrét og Helgi, voru horfin til Ameríku; Stefanía bjó á Síðu, Agnes eldri á Eyrarbakka (síðar í Reykjavík), Ólafía var í vinnumennsku niðri í Fjörðum, Páll, Agnes (yngri) og Dagný staðfestust í Fellum.

Þegar hér er komið sögu hefjast kynni þeirra Margrétar og Sólrúnar Eiríksdóttur sem þau Krosshjón tóku til fósturs tveggja ára gamla 1903. Var hún rúmlega tvítug þegar Margrét dó. Löngu síðar lýsti Sólrún kynnum sínum af Margrétu í grein sem oft hefur verið vitnað til hér á undan. Þar er þessi lýsing:

Margrét var í hærra meðallagi á vöxt, þrekleg og vel á sig komin, rjóð í kinnum og hörundsbjört. Hárið gullbjart að lit, bæði þykkt og sítt, augun dökkblá, bæði skýr og gáfuleg. Hún var einörð og sköruleg í allri framkomu, glaðlynd, spaugsök, hreinlynd og bjartsýn. Hún var vel stillt. Kváðu kunningjar hennar oft til hennar þessa alkunnu gömlu vísu:

Pú ert Manga þægileg,

þar af ganga sögur.

Æ, mig langar eiga þig

eikin spanga fögur (1971:41).

Lýsingin á við Margrétu þá er hún var í blóma lífsins og þá kannski eins og ritarinn hugsar sér hana. Sólrún segir að þegar hún fór að muna Margrétu hafi þrek hennar verið tekið að bila „Hún var orðin stirð í mjöðm og gekk við staf,“ segir þar. Dugnað og áhuga telur Sólrún þó að gömlu konuna hafi ekki skort og segir að nú væri það „tóvinnan sem orðin var „sérgrein“ Margrétar“. Er ekki ofsögum af því sagt að Margrét var snillingur á því sviði, einkum var viðbrugðið listfengi hennar í vefnaði. Einar Jónsson fróði fer svofelldum orðum um ömmu mína: „Margrét var dugmikil mjög og myndarleg í verkum. Hún var góður vefari og óf salúnsvefnaðinn gamla. Hún var greind og minnug“ (ÆAu, bls. 1429). Heyrt hef eg að salúnsofnar ábreiður hennar hafi verið eftirsóttar.

Sólrún segir að hún hafi verið á fjölda mörgum bæjum á Héraði við vefnað og svo er að skilja að hún hafi einkum farið að sinna þessum verkum eftir að hún kom að Krossi. Vafalaust hefur hún þó sinnt vefnaði og öðrum tóskap miklu fyr. Má meðal annars ráða það af orðum Þorleifs í Hólum hér á undan (bls. 23) en hann segir að hún hafi verið „vel verki farin á tóvinnu alla“. Gæti vinna hennar að slíku skýrt að nokkru hve vel þeim hjónum varð til vista og hve vel þeim gekk að sjá barnahópnum farborða. Einsog oft hefur komið fram hér á undan var Margrét (að

líkindum) oft „sjálfrar sín“ og er ekki ósennilegt að hún hafi þá sinnt „sérgrein“ sinni og verið eftirsótt. Hér skulu tilgreind tvö dæmi sem Sólrún nefnir um handaverk Margrétar:

[...] Þess skal getið hér, að Margrét vann í giftingarföt Páls sonar síns og litaði í jurtalitum. Þótti efnið sérstaklega vel unnið og smekklegt á litinn. Solveig sneið og saumaði fötin og fóru þau mjög vel. Var til þess tekið hvað þessi föt voru falleg [...] Einnig vann Margrét í peysuföt hana [svo!] Dagnýju dóttur sinni. Vann hún efnið að öllu leyti, litaði og óf. Þótti þetta efni frábærlega fallegt. Peysufötin saumaði Solveig. Þóttu þau fara mjög vel engu síður en giftingarföt Páls. Þetta staðfestir það sem áður var sagt um myndarskap og dugnað Margrétar í tövinnu og gefur einnig til kynna að hún hafi getað ofið flestar þær vefnaðargerðir sem hér voru ofnar á þeim tíma (1971:46–47).

Hér er ekki ástæða til að fjalla nánar um handavinnu Margrétar en vísað skal í ágætar lýsingar Sólrúnar Eiríksdóttur í oftnefndri grein hennar.

En Margrét Ólafsdóttir var ekki aðeins hög á hendur. „Hún var greind og minnug“ eins og séra Einar segir. Hún kunni skil á ættum og bjó yfir ýmsum öðrum fróðleik. Sigfús Sigfússon hefur eftir henni allmargar sagnir í safni sínu, svo sem vikið er á hér á undan (bls. 7), og hún hafði með höndum lúð handrit sem Sigfús fékk að afrita. Var þar á „Vitrun séra Magnúsar á Hörgslandi“ og kvæði ort um það efni (sjá Sigfús Sigfússon 1982a:370–383). Sigfús eignar þetta handrit reyndar Margrétu Pálsdóttur sem vart mun vera rétt, svosem útgefandi hefur bent á, og eru þess líklega fleiri dæmi að hann ruglar þeim mæðgum saman. Í safninu eru m.a. nokkrar þulur hafðar eftir Margrétu Pálsdóttur (Sjá Sigfús Sigfússon 1991:353, 383, 385 og 389). Þar vekur nokkrar grunnsemdir að undir einni stendur: „E.s. Margrétar Pálsdóttur nú að *Krossi*“, en Margrét yngri var aldrei þar. Önnur er eignuð Óalvíu „*dóttur Margrétar Pálsdóttur*“ (útg. hefur breytt „*dóttur*“ í „*systur*“). Sjálfsagt verður seint úr því skorið hvor þeirra mæðga og nafna sagði Sigfúsi hvað. Líklega er það sú eldri sem oftast hefur orðið. Hitt er einnig mögulegt að Margrét yngri hafi sagt Sigfúsi ýmislegt sem hún taldi þá vera sögn móður sinnar. Allt um það þá hefur Margrét Ólafsdóttir verið vel að sér í þeim alþýðlegu fræðum sem kynslóðirnar geymdu.

Margrét var trúkona og til marks um lífsskoðun hennar hefur Sólrún Eiríksdóttir þetta að segja:

Oft hafði Margrét yfir þessar gömlu stökur:

Gott er þegar guð minn vill,
gáðu að þér kona,
tungu þína tem og still,
talaðu ekki svona.

Gott er þeim sem geð ber kátt
og glaður sést á hverjum stað.
Þó Drottinn leggi á mótgangsmátt
maður er sá sem umber það.

Það var lífsskoðun Margrétar að taka með stillingu öllu því sem Guði þóknaðist að láta fram
við mann koma (1971:48–49).

Margrét Ólafsdóttir lést á Krossi þann 5. sept. 1922 á 84. aldursári og var borin til
moldar í kirkjugarðinum á Ási. Æfiferð hennar var orðin löng og hafði stundum
verið nokkuð torsótt svosem var áður leiðin úr Meðallandi austur að Lagarfljóti.

Af börnum Páls Þorsteinssonar og Margrétar Ólafsdóttur

Páll og Margrét eignuðust þrettán börn og létust fimm þeirra í bernsku. Þau börn þeirra sem ekki entust langir lífdagar voru þessi:

Helgi f. á Núpum 16.7. 1866, d. 3.3. 1870.

Agnes f. á Kálfafelli 26.9. 1868, d. 11.10. 1868.

Bergur f. á Fossi 19.11. 1875, d. 26. sama mán.

Jón f. á Fossi 5.12. 1876, d. 1.4. 1877.

Agnes f. á Fossi 24.7. 1878, d. 27.11. 1879.

Átta af börnum þeirra Margrétar og Páls komust til fullorðinsára. Hefur ferill þeirra verið rakinn nokkuð hér að framan, er þau voru í barndómi, en nú verður reynt að þrjóna við nokkrum atriðum um lífshlaup þeirra.

Ólafía Pálsdóttir

f. á Núpum 2. maí, 1863, d. í Kóreksstaðagerði 16 júní 1937.

Hér að framan hefur verið gerð nokkur grein fyrir ferli Ólafíu meðan hún var með foreldrum sínum. Hún var elst sinna systkina og vafalaust hefur snemma mætt á henni barnagæsla og hjálp við bústörfin svo að unglingsárin hafa ekki verið neinn dans á rósum. Var þar skilist við Ólafíu hér á undan að hún var vinnukona á Víðilæk hjá Finnboga bónda Ólafssyni.

Þorsteinn hét bróðir Finnboga, nokkrum árum yngri (f. 1863). Hann var heimilismaður á Víðilæk. Þorsteinn brá á það ráð að flytja niður í Mjóafjörð vorið 1886 þar sem hann staðfesti ráð sitt og hóf búskap í Haga á Norðurbyggðinni. Kona hans var Sveinhildur Hávarðsdóttir frá Jökulsá í Borgarfirði. Þau voru þarna í húsmennsku fyrst en bjuggu í Haga framyfir aldamót og fá góða einkunn hjá Vilhjálmi Hjálmarssyni (1990:354–356). Ólafía Pálsdóttir fylgdi Þorsteini Ólafssyni frá Víðilæk og var hjá þeim hjónum næstu tvö árin. Er nokkuð einkennilegt að í sálmaregistri er ekki getið um stöðu hennar þessi ár nema hvað fyrra árið er skrifað orðið „tengdafólk“ við hana og tengdamóður Þorsteins, Sigurlaugu Sveinsdóttur.

Hof er næsti bær utan við Haga og stutt á milli. Þar bjó um þessar mundir Árni Vilhjálmsson, dugmikill bóndi, af pamfílsætt eins og flestir heldri bændur í Mjóafirði. Son hans einn skal nefna til sögu. Sá hét Jón og var jafnaldri Ólafíu Pálsdóttur. Hann hafði farið til Reykjavíkur að mennta sig í organleik. Eingum sögum

fer nú af kynnum þeirra Ólafíu en haustið 1888 ól hún honum dóttur. Um það segir svo í prestsþjónustubók:

Jóna f. 2. sept -88, skírð heima 30 sept. s.á. Móðirin Ólafía Pálsdóttir vinnukona í Firði kennir barnið og kveðst vilja sverja það upp á Jón Árnason bóndason á Hofi. Skírnarv. Benedikt Sveinsson, Jón Jónsson og Halldóra Eyjólfsdóttir.

Jón Árnason mun í orði kveðnu hafa gengist við dóttur sinni en aldrei sinnti hann neitt

um hana. Hér kemur fram að Ólafía er komin að Firði í Mjóafirði, gömlum kirkjustað og höfðingjasetri. Þangað réðist hún vorið 1888. Er skemmst af því að segja að þar voru þær mæðgur viðloðandi fram undir aldamót. Á árunum 1891–94 voru þær þó upp á Héraði, fyrst tvö ár á Vaði í Skriðdal og síðan eitt ár á Valþjófsstað svo sem áður er nefnt. Vorið 1899 lögðu þær svo heldur betur land undir fót og héldu suður að Hólanesi í Hornafirði. Jóna var þá á ellefta árinu. Er svo sagt að þær hafi farið þessa leið gangandi. Sé það rétt – og eg hef enga ástæðu til að efast um það – sýnir það vel kjark og dugnað Ólafíu enda fékk hún orð fyrir að vera þrekmikil og óvillin. Í Hólanesi bjó þá Margrét Pálsdóttir, systir Ólafíu, með manni sínum Brynjólfi Jónssyni frá Hólum. Þau höfðu þá afráðið að flytja vestur um haf sumarið 1900 og er sagt að Ólafía hafi verið að hjálpa systur sinni með undirbúning þeirrar farar því Margréту hafi ekki verið lagin handavinna. Ólafía var hinsvegar verkkona í besta lagi.

Vorið 1900 hafa þær mæðgur snúið aftur austur og nú gerðist Ólafía vinnukona á Hánefsstöðum í Seyðisfirði. Þar bjó þá Vihjálmur Árnason frá Hofi í Mjóafirði, bróðir Jóns barnsföður Ólafíu, og kona hans, Björg Sigurðardóttir. Áttu þær mæðgur góðu atlæti að fagna á Hánefsstöðum. Óskar, sonur Jónu, segir í samantekt um móður sína (19??) að sumt frændfólk hennar hafi dugað þeim mæðgum betur en faðirinn. Vorið eftir fór Ólafía vinnukona að Klyppstað í Loðmundarfirði en nú skildi samvistir þeirra mægna um sinn. Jóna fór upp í Hérað til Margrétar ömmu sinnar og Páls móðurbróður síns. Var hún heimilisföst hjá þeim á Krossi í Fellum fram á fullorðinsár. Hún fermdist þó frá Firði vorið 1902. Ólafía var árið á Klyppstað en vegna óreiðu í færslu kirkjubóka er óljóst fyrir mér hvar hún hefur verið næstu þrjú árin. Árið 1905 er hún hinsvegar orðin ráðskona (43 ára) hjá Bjarna Jónssyni (29 ára) er það ár hóf búskap á Árbakka (Króksbakka) í Njarðvík. Vorið 1909 fluttu þau að Geitavík og bjuggu þar næstu sex árin.

Margbýli var þá í Geitavík. Verður hér að geta þess að þar voru vestur-skaft-fellingar og frændur Ólafíu við búskap. Þar er fyrst til að taka að vorið 1886, sama árið og Páll Þorsteinsson og Margrét Ólafsdóttir fluttu austur frá Hólum, tók sig upp fjölskylda, sem búið hafði í Mörtungu á Síðu, og flutti austur í Rauðholt í Hjalta-staðaþinghá. Hjónin hétu Jóhannes Jónsson (f. 1836) og Guðbjörg Gissurardóttir (f.

1836). Með þeim voru sex börn þeirra, uppkomin eða stálpuð. Þeir Páll og Jóhannes voru þremmingar að frændsemi (frá Oddi Bjarnasyni). Jóhannes og Guðbjörg voru ekki lengi í Rauðholti. Árið 1890 fluttu þau að Geitavík og bjuggu þar fram undir aldamótin. Börn þeirra voru á þessum slóðum fram yfir aldamót. Skal hér nefna dótturina Jóhönnu (f. 1870). Hún hafði gifst Helga Jónssyni frá Höfða á Völlum (f. 1875) en misst hann eftir skamma sambúð (1904). Höfðu þau eignast dóturina Sveinu (f. 1898). Var Jóhanna eftir lát manns síns eitthvað hjá Þórunni systur sinni í Geitavík. Nú er frá því að segja að þann 14. jan. 1910 eignaðist Jóhanna tvíbura-drengi með Bjarna Jónssyni áður nefndum búanda í Geitavík. Annar fæddist andvana en hinn hefur líklega verið líflítill því skírður var hann skemmri skírn og hlaut nafnið Guðmundur. Hann hjarnaði samt við og er skemmst af því að segja að Ólafía, Pálsdóttir, ráðskona Bjarna Jónssonar, gekk þessum dreng í móðurstað og var hann síðan með þeim Bjarna, oft nefndur „sonur þeirra“ í kirkjubókum.

Vorið 1915 flytja þau Bjarni og Ólafía upp í Hróarstungu. Í skrá yfir burtflutta úr Desjarmýrarsókn er Ólafía sögð „búandi“ en Bjarni vinnumaður („vm“). Er þetta nokkuð einkennilegt og virðist benda til þess að Ólafía hafi frekar verið húsbóndi en ráðskona. Næstu tvö árin voru þau í húsmennsku í Tungu, fyrst á Heykollsstöðum en seinna árið á Hallfreðarstöðum. Þá lauk samvistum þeirra og árið 1917 er Ólafía vinnukona á Galtastöðum fram í Tungu og hefur Guðmund fóstura sinn með sér; hann nefndur „sonur hennar“ í sálmregistri. Árið eftir fór Ólafía með Guðmund til Jónu dóttur sinnar og Halldórs Einarssonar manns hennar, en þau hófu þetta ár búskap í Hallfreðarstaðahjáleigu. Litlu síðar fluttist fjölskyldan að Kóreksstaðagerði í Hjaltastaðapinghá og þar lést Ólafía 16. júní 1937.

Ólafía var kona nokkuð skapmikil og vildi fara sínu fram. Hún var skepnuvinur og vildi að öllu fé liði vel. Það var eitt sinn að vetrarlagi er þau Bjarni voru í Geitavík að harðindi gengu og vildi Bjarni spara hey eftir föngum. Eitt kvöld er Bjarni hafði embættað í fjárhúsum fór Ólafía út og háraði ánum. Bjarni komst að þessu og spurði ráðskonu sína hvað valdið hefði þeirri ráðabreytni. „Þær tóku við“, svaraði hún og átti þá víst við að svangar hefðu ærnar verið. Eftir að þau Bjarni slitu samvistum var hann spurður hvað valdið hefði þeirri ráðabreytni. Hann svaraði því til að ekki væri heiglum hent að búa með Ólafíu.

Bjarni Jónsson var ættaður frá Staffelli í Fellum. Var faðir hans sonur Bjarna Jónssonar er þar bjó lengi um og eftir miðja 19. öld (d. 1873). Eftir að þau Ólafía skildu að skiptum kvæntist Bjarni Sigurbjörgu Árnadóttur frá Uppsölum í Eiðapinghá. Þau bjuggu eitthvað í Tungu (á Nefbjarnarstöðum og Kirkjubæ) og Hjaltastaðapinghá (á Stóra-Steinsvaði). Bjarni lést 1960.

Jóna Jónsdóttir var lærð ljósmóðir og sinnti störfum sem slík um árábil. Árið 1947 fluttust þau Halldór maður hennar til Reykjavíkur. Þau eignuðust þrjá syni:

Einar, Óskar Ólaf og Þór sem allir bjuggu í Reykjavík og eignuðust afkomendur.
Þór er nú (1998) einn á lífi þeirra bræðra.

Stefanía Margrét Pálsdóttir

f. á Núpum 29. apríl 1864, d. í Árnanesi 1. jan. 1946.

Þess var áður getið að Stefanía (hún mun aðeins hafa notað fyrra nafnið) varð eftir í Fljótshverfi þegar foreldrar hennar fluttust vestur á Síðu. Var hún fyrstu tvö árin eftir burtför þeirra í Hruna í Landbroti (1869–71) en síðan á Núpum þar sem hún dvaldi hjá Agnesi ömmu sinni fram á fullorðinsár eða allt til vors 1892, síðast vinnukona. Árið 1888, þann 21. nóvember, eignaðist Stefanía dreng sem skírður var Þórarinn. Um þann atburð segir svo í prestspjónustubók:

Ógift stúlka, Stefanía Pálsdóttir, lýsir föður Þórarinn bónda Þórarinsson á Seljalandi; hann neitar og hefur svarið fyrir barnið.

Vafalítið hefur Stefanía haft hér á réttu að standa. Þórarinn var brokkgengur í kvennamáæum og átti börn með tveimur konum (sem hann gekkst við). Þórarinn litli var nefndur Hansson en tók sér síðar ættarnafnið Núpan. Aftur eignaðist Stefanía dreng tveim árum seinna (20. nóv. 1890). Hlaut hann nafnið Páll. Hún kenndi þetta sveinbarn Stefáni Péturssyni vinnumanni á Núpum og gekkst hann greiðlega við faðerninu. Páll litli lifði aðeins tæpan mánuð (d. 7. des. sama ár). Enn liðu tæp tvö ár og þá eignuðust þau Stefán annan son, Matthías (f. 17. mars 1892). Stefán var þá enn vinnumaður á Núpum.

Stefán Pétursson var fæddur 22. ágúst 1857 á Fossi, sonur Péturs Jónssonar (1815–79) er þar bjó lengi (1847–dd) með konu sinni Sigríði Steingrímsdóttur (f. 1827). Þau eignuðust 13 börn en aðeins 7 þeirra komust til fullorðinsára. Þess má geta hér að Pétri var einnig kenndur Páll, síðar prestur í Þimgmúla o.v., sonur Guðríðar Jónsdóttur vinnukonu hjá Páli prófasti Pálssyni í Hörgsdal. Var hann fæddur 1836 er Pétur var hjá foreldrum sínum á Hörgslandi. Guðríður varð síðari kona Páls prests í Hörgsdal. Ættleiddi hann þá sveininn Pál og hefur hann verið talinn sonur hans.

Vorið 1892 fóru þau Stefán og Stefanía að Brattlandi á Síðu og voru þar í húsmennsku fyrsta árið en gerðust síðan búendur á jörðinni sem var afbýli í landi Ytra-Dals en sú jörð eyðilagðist í eldinum 1783. Byggðist þetta kot snemma á 19. öld og þótti kostarýrt; fór í eyði 1910. Þarna bjuggu þau hjónaleysin næstu ár og voru einyrkjar. Þau hafa ekki sett saman af miklu og efnahagur sjáfsagt þröngur. Kotið bauð ekki upp á nein umsvif. Þau gengu ekki í hjónaband og er Stefanía titluð ráðskona í sóknarmannatölum. Á Brattlandi fæddust þeim tvö börn: Valdimar (f. 27. okt. 1893) og Sigríður (f. 11. júní 1898). Ekki naut Stefán lengi samvista við þessa dóttur sína því hann lést 21. des. þetta ár, rúmlega fertugur maður. Stefanía var við

búskap á Brattlandi eftir lát Stefáns til vors 1899 en aðstaða hennar var erfið og ekki um annað að gera en leysa upp heimilið. Þá koma til sögu systkini Stefáns. Á Hörgslandi bjó þá bróðir hans, Sigurður póstur Pétursson og Sigríður Steingrímsdóttir kona hans. Þangað fóru þeir synirnir Matthías og Valdimar, kallaðir þar tökudrengir, en Sigríður að Hörgslandskoti með móður sinni. Þar bjó þá Jón bróðir Stefáns og er Sigríður talin þar fósturbarn. Þórnarni var komið fyrir á Rauðabergi í Fljótshverfi.

Stefanía var eitt ár í Hörgslandskoti en síðan á Hörgslandi þar til Sigurður póstur tekur sig upp vorið 1904 og flytur að Árnanesi í Nesjasveit. Stefanía fór líka þangað og Valdimar sonur hennar. Matthías, elsti sonur þeirra Stefáns sem lifði, varð eftir á Hörgslandi og ólst þar upp. Hann varð síðar bóndi á Fossi á Síðu. Stefanía var í Árnanesi næstu ár og eitt ár eða tvö var Sigríður dóttir hennar þar hjá henni. En 1913 snýr hún aftur vestur á bóginn og fer þá að Núpum í Fljótshverfi en þar bjó þá Sigmundur föðurbróðir hennar. Valdimar dvaldist eftir hjá frænda sínum í Árnanesi og síðar varð hann bóndi þar.

Árið 1918 snéri Stefanía enn austur á bóginn. Nú fluttist hún vinnukona að Stafafelli í Lóni og þar var þá einnig vistráðinn Þórarinn sonur hennar þá nýkvæntur. Þórarinn fluttist síðar að Höfn í Hornafirði. Sonur hans er Ágeir Núpan útgerðarmaður á Höfn. Stefanía dvaldi hinsvegar áfram á Stafafelli allt til elliára. Skömmu eftir 1940 fluttist hún að Árnanesi í Nesjum til Valdimars sonar síns sem þar bjó og þar lést hún á áttugasta og þriðja aldursári fyrsta dag ársins 1946.

Páll Pálsson

f. á Keldunúpi 3. des. 1869, d. á Krossi í Fellum 8. jan. 1942.

Hér að framan var fylgst nokkuð með ferli Páls. Var hann aldrei fjarri foreldrum sínum eftir að þau fluttu austur og reyndist fjölskyldunni mikill styrkur, einkum eftir að faðir hans lést. Þá var og sagt frá kvonfangi hans en hann kvæntist Solveigu (f. 3.8. 1874) Jónsdóttur frá Kleif í Fljótsdal. Voru þau first brúðhjóna vígð sama í nýrri kirkju undir Ási aldamótaárið 1900. Þau bjuggu fyrst á Birnufelli eitt ár en síðan á Krossi í Fellum frá 1902 til æviloka. Solveig var ljósmóðir og mæt kona. Hún dó fyrir aldur fram þann 5. nóv. árið 1922. Þau áttu ekki börn saman en ólu upp Pál Gíslason (frá fjöggra ára aldri), síðar bónda á Aðalbóli, son Dagnýjar systur Páls, og Sólrínu Eiríksdóttur bróðurdóttur Solveigar, síðar húsfreyju á Kossi. Sólbún var fædd 14. dea. 1902 og kom til þeirra 2–3 vikna gömul. Hefur Sólrún áður komið við sögu í þessu skjali. Páll Pálsson var löngum heilsuveill og búskapur á Krossi ekki stórbrotinn en fjölskyldan komst þó vel af. Eftir baðstofubruna árið 1914 byggði Páll af myndarbrag aðra stærri og betri. Þótti bærinn á Krossi vel gerður og hlýlegur

og í honum var búið allt til 1952. Ábýlisjörð sína, sem var kirkjueign, keypti Páll um 1930. Páll lést 8. janúar 1942 og hvílir í heimagrafreit í Skógargerði.

Margrét Pálsdóttir

f. á Keldunúpi 16. des. 1870, d. í Lundar, Manitoba 21. febr. 1970.

Hér að framan skildumst við við Margrétu er hún fluttist vinnukona frá Valþjófsstað suður að Hólum í Hornafirði vorið 1994. og giftist þar tveim árum síðar. Maður hennar var Brynjólfur Jónsson (f. 1868), bróðir Þorleifs í Hólum. Þau bjuggu þrjú ár í Hólanesi í Nesjum en það var nýbýli úr landi Hóla. Þau voru fátæk og í aldarlokin (árið 1900) brugðu þau á það ráð að flytjast til Kanada. Þau höfðu með sér tvær dætur ungar: Pálínu (f. 14.11. 1895) og Rósu (f. 19.12. 1898). Vestra fæddist þeim dóttirin Hlíf og synir tveir: Ragnar og Hjalti.

Margrét og Brynjólfur bjuggu í 50 ár að Stony Hill í Manitobafylki. Hún bjó þar ekkja með sonum sínum en dæturnar voru oft á heimilinu og hlupu þar undir bagga. Margrét hélt furðu vel óskertu þreki og sálarorku. Er þar til marks að níræð að aldri lagði hún í fyrstu för sína til gamla landsins. Var Hjalti sonur hennar í för með henni. Voru þau hér drjúgan tíma sumarið 1961; fóru víða að heimsækja skyldfólk og venslamenn. Páll Gíslason segir (1970) að hún hafi farið

jafnt í lofti, á láði og legi og kenndi hvorki kulda né lúa – en eitt þótti henni skorta á unað ís-lands að því sinni – að hún treystist ekki til að sitja hest. Hún kom við á Valþjófsstað, hafði verið þar vinnukona um tvítugt „en þá var ég léttari upp á fótinn“ sagði hún. [Þegar Margrét var vinnukona á Valþjófsstað] var kirkja í smáðum á staðnum, sem þótti veglegt hús og vandað á þeim tíma, en var nú hrör eitt. Virtist Margrét bera aldurinn betur.

Enginn vafi er á því að Margrét naut þessarar Íslandsferðar vel. Verður hér birt bréf sem hún ritaði Dagnýju systur sinni eftir að hún kom heim úr ferðinni. Segir það nokkra sögu um tilfinningar vesturíslendings sem komið hefur í heimsókn til gamla landsins. Bréfið er dagsett að Lundar, Manitoba 15. sept. 1961.

Elsku hjartans systir mín, Dagný mín.

Jæja þá erum við nú komin heim úr þessari inndælu ógleymanlegu ferð fyrir okkur Hjalta báðum. Okkur gekk ljómandi vel ferðin. Við fórum um kl. 12 um nótt frá Reykjavík og komum til Winnipeg um 9 næsta kveld. Það kom utan frá Lundar prestshjónin og Rósa mín og mættu okkur á flugvöllinum í Winnipeg og keyrðu okkur svo heim. Þeim leið vel syskinunum heima Pöllu og Ragnari. Nú er verið að enda heyskapin hér í dag.

Jæja Dagný mín, við fórum þarna norður þegar að við fórum frá Egilstöðum. Jeg hafði óskup gaman að fara norður Jökuldalsheiðina. Hún er ljómandi falleg. Líklega hefur verið hart fyrir þá sem voru þar á vetrin. Það var kona hér oft hjá mér sem ólst upp á þessu svæði og var þar þangað

til hún kom hér vestur og hún var orðin gömul og hún sagðist helst halda að það [fólk] mundi aldrei deyja sem ólst upp á Jökuldalsheiði.

Svo héldum við sem leið lá norður á Akureyri – ferðin gekk ljómandi vel. Svo mætti okkur maður Huldu dóttir ykkar og við höfðum þar inndælan tíma. Hulda var ekki heima þegar að við komum. Hún var í Reykjavík. Enn Sigurbjörn [Sigurgeir] maður Huldu og Páll tengdasonur þeirra og Sigurlín[a] dóttir þeirra voru öll eins og bestu syskini við okkur. Svo fórum við norður á Skinnastað og höfðum þar inndælan tíma. Þau fóru með okkur til Kópasker[s] (kaupstaður) og til Ásbirgi[s]. Þar er fallet. Svo þegar við komum aftur til Akureyri þá var Hulda dóttir ykkar komin og við höfðum inndælan tíma og þar á ofan voru þau að gefa okkur gjafir. Sigurbjörn og Hulda gáfu okkur stóran hreindýrsfeld. Allir sem sjá það hér eru svo hrifnir af því.

Þá ætla jeg að minnst á veru mína á Egilstöðum hjá Margréti dóttir ykkar. Þau voru okkur svo inndislega góð að betra gat það ekki verið. Þau voru að keyra okkur upp um fjall svo við gætum séð út um öll héruð. Fóru með okkur á samkomustaðinn inn í skóginum á Egilstöðum. Svo bauð Sveinn Jónsson okkur að koma og nafna mín kom með okkur um kveld tíma og hann sýndi Hjalta allan búskapin þeirra sem er nú æði mikill og myndarlegur.

Já, elsku Dagný mín, þá ætla jeg að biðja þig að bera þeim hjartans kveðju okkar Hjalta með miklu þakklæti fyrir öll blessuð gæðin við okkur, bæði þeim á Egilstöðum og þeim á Akureyri.

Þá bið jeg kærlega að heilsa Gísla og Hjalti líka. Jeg þakka honum fyrir það sem hann lét í blaðið. Vigfús Guttormson þótti varið í að kvæðið hans var sett í blaðið.⁸ Bróðir hans sem fær það blað frá Íslandi hafði sent honum það.

Þá komum við til Guðlaugar dóttir ykkar [á Moshvoli, Rang.] og Solveig systir hennar var hjá henni eitthvað yfir sumarið með börn sín. Við vorum þar við máltíð og svo voru teknar myndir af þeim svo við höfðum skemtilegan tíma þar. Jeg bið þig líka að heilsa þeim frá okkur með miklu þakklæti.

Við fórum austur að Fossi og jeg hafði mikið gaman af því. Þar er mikið af frændfólki okkar. Þar búa nú 4 synir Eiríks Steingrímssonar og Helgi sonur Páls Helgasonar á Fossi. Við vorum þar nokkrar nætur hjá Helga Eiríksyni, hann býr nú alveg á sama stað og heimilið okkar var.

Við komum að Klaustrinu til frændfólks míns þar. Siggeir sonur Lárusar Helgasonar keyrði okkur á flugvöllin.⁹ Þá fórum við til Reykjavíkur. Þar leið Agnesi systir okkar mikið betur. Jeg var svo glöð yfir því að henni leið það betur rétt áður en jeg fór heim.

Það hefur komið múgur og margmenni að heimsækja okkur síðan við komum og allir eru svo hrifnir af gjöfunum sem okkur voru gefnar sem von er á. Ekki minnst hrifið af vetlingunum frá þjer. Svo var okkur gefið svo margt. Agnes á Droplaugarstöðum gaf mér þessi inndælu plögg handa drengjunum. Okkur var gefið svo mikið í Reykjavík. Agnes og hanna gáfu okkur ljómandi fallet garvað kindaskinn [?] og Hanna gaf mér silfur brjóstnál og svo frændur hans Hjalta – Jón

⁸ Ekki er ljóst hvað hér er átt við.

⁹ Líklega átt við flugvöll hjá Klaustri (?)

Þorleifsson (sem er nú dái) gaf Hjalta ljómandi fallega mynd af Hornafirði og Haukur Þorleifson gaf bækur og gaf mér herðasjal úr ull, svo ljómandi fallett.

Svo þegar við fórum frá Reykjavík þá fór[u] með okkur synir Agnesar og konur þeirra og Hanna [og] maðurin sem hún vinnur fyrir og var eins lengi og það gat, veifað[i] okkur þegar við vorum að fara upp í flugvélin.

Þá bið jeg kærlega að heilsa Helga syni ykkar og Páli þegar þið sjáið hann og jeg bið kærlega að heilsa öllum börnum ykkar. Svo kveð jeg ykkur Gísla með ástkærri kveðju með þakklæti fyrir allt og Hjalti biður líka að heilsa með þakklæti. Syskinin hér biðja að heilsa ykkur.

Þín einlæg systir

Margrét

Margrét og öll hennar fjölskylda hélt fast við íslenskuna og varla er hægt að sjá á bréfinu að hér haldi á penna kona sem dvalið hafði með enskumælandi þjóð í rúm 60 ár. Svo er sagt að Margrét hafi aldrei lært ensku til neinnar hlítar en haldið sinni tungu og talað hana hvort sem viðmælendur skildu eður ei. Hún fylgdist ávallt vel með því sem var að gerast í gamla landinu og skrifaðist á við frændfólk sitt hér, m.a. Dagnýju systur sína, en varveitt eru allmörg bréf sem hún ritaði henni.

Ólína Ingveldur Jónsdóttir á Akranesi kynntist Margrétu í júní 1969 er hún var á ferð í Manitoba. Var hún þá nokkra daga á næsta bæ við gömlu konuna. Hún segir svo í bréfi til Dagnýjar (14.9. 1969):

Ég mátti til að koma þar alla dagana, því blessuð Margrét vildi ekki láta íslenska konu ganga hjá garði. Ég mætti þar framúr skarandi gestrisni og elskulegheitum. Margrét var sérstaklega hress og fór á Landbúnaðarsýninguna sem einmitt var haldin þessa daga á Lundi. Þar sá ég hana sitja úti á trébekk og borða við útiborð stórnautasteik. Ég komst í biðröð að heilsa henni, og er ég hafði kvatt hana að ég hélt í síðasta sinni og var komin spölkorn frá henni sá ég hana koma bara hlaupandi á eftir mér og ég sneri auðvitað fljótlega til móts við hana. Þá stakk hún að mér umslagi sem mér grunaði að væri ekki alveg tóm. Það kom líka síðar í ljós að í því var stórgjöf.

Þegar hér er komið sögu er Margrét á 99. aldursári. Hún var komin á það 100. er hún lést 21. febrúar árið eftir.

Synir Margrétar, þeir Ragnar og Hjalti, stunduðu búskap með foreldrum sínum; þeir kvæntust ekki. Systurnar Pálína og Rósa voru kennaramenntaðar og stunduðu kennslu en Hlíf giftist Helga Bjarnarson og eignuðust þau 11 börn. Þegar þetta er skrifað eru þau Pálína, Rósa og Hjalti enn á lífi.

Helgi Pálsson

f. 26. apríl 1872 í Múlakoti, d. í Manitoba 26. apríl 1932.

Helgi hefur flust með foreldrum sínum austur í Nesjasveit vorið 1884 en óvíst er hvar hann hefur verið þar fyrsta árið. Árið 1885 er hann hinsvegar skráður sem létta-drengur í Bjarnanesi hjá séra Jóni (1849–1920) Jónssyni sem þar var prestur. Séra Jón var merkur maður og stundaði m.a. fornnorræn fræði. Hann var lengi prófastur austur-skaftfellinga og alþingismaður þeirra nokkur ár. Er skemmst frá því að segja að Helgi var hjá séra Jóni meðan hann dvaldist hér á landi. Séra Jón fékk Stafafell í Lóni og fluttist þangað vorið 1891 og þangað fór Helgi með honum. Hann er kallaður vinnumaður hjá presti en ljóst er af bréfum sem hann ritaði sr. Jóni eftir að hann fór vestur að hann hefur litið á prest sem fóstra sinn, kallar sig fósturson hans. Helgi bregður svo á það ráð að hverfa til Vesturheims sumarið 1893, þá 21 árs gamall.

Af fyrstu bréfum Helga til sr. Jóns má sjá að hann hefur haft í hyggju að snúa heim aftur eftir að hann hefði aflað sér „fjár og frama“. Sú varð þó ekki raunin. Hann staðfestist í Manitoba, fyrst í Selkirk, en síðan í Brown og bjó þar til æviloka en hann varð sextugur að aldri. Honum vegnaði vel, keypti lönd og ræktaði jörðina enda kunnugt um að hann var dugmikill maður og lá hvergi á liði sínu.

Því miður eru heimildir mínar um Helga bæði fáar og gloppóttar. Er þar að nefna bréf hans til sr. Jóns á Stafafelli og fáein bréf frá dætrum hans til Dagnýjar Pálsdóttur. Þá minnst Margrét systir hans stundum á hann og fólk hans í bréfum sínum. Helgi kvæntist vestra íslenskri konu, Helgu að nafni. Hún var ættuð úr Borgarfirði syðra. Hún lést 1965, 94 ára að aldri. Þau eignuðust fjögur börn sem upp komust. Dætur þeirra voru þrjár: Margrét, Agnes Dagný og Guðlaug Norma. Þær bjuggu allar vestur á Kyrrahafsströnd. Margrét og Norma í Vancouver eða þar í grennd en Agnes í Kaliforníu. Allar giftust þær og eiga afkomendur. Maður Agnesar var af íslensku bergi brotinn og hét Arne Eggertson; sama er að segja um mann Normu en hann bar nafnið Steinson (skírnarnafn e.t.v. Skafti?).

Agnes Pálsdóttir eldri

f. í Múlakoti 5. ágúst 1874, d. í Hafnarfirði 15. des. 1969.

Þess er áður getið að Agnes dvaldist eftir í fóstri hjá Ólöfu móðursystur sinni er foreldrar hennar fluttust austur á bóginn en 13 ára gömul kom hún þó austur og gerðist „léttakind“ að Hafursá í Skógum. Hún fermdist frá Þingmúlakirkju vorið eftir (1888) og var síðan vinnukona þar í söknum nokkur ár, m.a. á Þorvaldsstöðum í Skriðdal og í Sauðhaga á Völlum. Hún fluttist aftur vestur á bóginn vorið 1896, fór þá vinukona að Mörk á Síðu en fór þaðan eftir árið vestur á Eyrarbakka en þess má

geta að þar um slóðir bjuggu þá móðurbræður hennar tveir og fleiri frændur. Það mun hafa verið eftir að Agnes fluttist vestur á bóginn að hún kenndi sjúkdóms. Páll Gíslason segir svo frá (1970:29):

Um tvítugt kenndi hún sjúkdóms, sullaveiki, og fór til Reykjavíkur sér til heilsubótar. Er líklegt að Guðmundur Magnússon hafi gert að því meini með svo góðum árangri, að hún varð þess ekki vör framár. Um skeið vann hún í ýmsum húsum, en lengst hjá Katrínu konu Guðmundar læknis. Tókst með þeim vinátta, sem entist meðan báðar lifðu, enda leitaði Katrín oft til Agnesar um aðstoð þegar mikið lá við. Og vistin í þessu húsi varð henni hollur skóli, að eigin sögn.

Agnes fór um aldamótin vinnukona að Skarði í Gnúpverjahreppi og þar giftist hún 1902 Sigurgeiri Jónssyni (f. 29.8. 1871, d. 17.11. 1954) bónda í Skarði Jónssonar. Þau hófu búskap í Reykjavík „en áttu fárra kosta vöð um húsnæði og atvinnu“ segir Páll Gíslason (1970:29). Þau fluttu sig því aftur austur í sveitir vorið 1908; fóru þá að búa á Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi. með þrjú börn, hvert á sínu árinu. Þarna voru þau árið en fluttu sig þá niður á Stokkseyri og bjuggu tvö ár (1909–11) á Rauðarhóli (vestra). Mun Sigurgeir hafa stundað sjómennsku. Aftur snéru þau til Reykjavíkur og nú til að vera. Þau komu sér upp litlu timburhúsi við Bergþórugötu nr. 8 og bjuggu þar síðan. Telur Páll Gíslason að þetta hafi verið fyrsta húsið sem reist var við götuna. Í þessu litla húsi bjuggu þau hjón allan sinn búskap og tóku með öðrum þátt í því að leggja þann grunn að framgangi Reykjavíkurborgar sem traustur hefur reynst. Þarna stendur nú veglegt steinhús og bak við lóðina gnæfa hátimbraðar byggingar Iðnskólans í Reykjavík. Agnes lést rúmlega 95 ára gömul á jólafostu 1974.

Börn þeirra Agnesar og Sigurgeirs voru sex: Jóhanna Sigríður, Gréta, Sigrún, Helgi, Guðsteinn og Páll.

Agnes Pálsdóttir yngri

f. á Fossi á Síðu 30. apríl 1880, d. 2. jan. 1970.

Agnes var með foreldrum sínum fram undir fermingaraldur svo sem rakið er hér að framan. Vorið 1892 fór Agnes léttastúlka, þá nýkomin á 13. árið, að Ormarsstöðum í Fellum. Þar bjó þá Þorvaldur læknir Kjerúlf með konu sinni Guðríði Ólafsdóttur Hjaltested. Þorvaldur var vinsæll læknir og mannskapsmaður mikill en Guðríði var við brugðið fyrir myndarskap og manngæsku; þótti vera menningarbragur á heimili þeirra. Húsbóndans naut þó ekki lengi við. Hann lést á ferðalagi sumarið 1893. Agnes var á Ormarsstöðum til vors 1894 og þaðan fermdist hún það vor. Kunni hún þá dável að lesa á bók og líkasvo kristin fræði. Þetta sama vor fór Agnes vinnukona að Staffelli en þar voru þá einnig móðir hennar með Dagnýju, yngstu dótturina, og Páll bróðir hennar. Agnes var árið á Staffelli en vorið 1895 lagði hún leið sína til Seyðisfjarðar sem þá var mikill uppgangsstaður. Þar mun hún hafa verið hjá Guðríði

Hjaltested fyrrverandi, húsmóður sinni á Ormarsstöðum. Næsta ár var hún vinnukona á Melum í Fljótsdal en þar bjó þá Jón, bróðir Þorvarðar læknis, með konu sinni Aðalbjörgu Metúsalemsdóttur frá Möðrudal. Eftir árið á Melum fluttist Agnes í annað sinn að Ormarsstöðum og í þriðja sinn í vist hjá Kjerúlfum því þá bjó á Ormarsstöðum Guðmundur, bróðir þeirra Þorvarðar læknis og Jóns á Melum. Þarna voru þá fyrir móðir hennar og systkini svo sem greint er frá hér að framan.

Öllum heimildum kemur saman um það að Agnes Pálsdóttir yngri hafi, er hún óx upp, verið álitlegur kvenkostur. Páll Gíslason segir að hún hafi verið „fögur kona og fíngerð. Hvar sem hún hittist við störf í búi og eldhúsi eða í veizlusal, var hún glæsileg, aðlaðandi og kurteis“ (1970:30). Það var því að vonum að ungum sveinum í Fellum litist vel á þessa þekkilegu stúlku. Einn af þeim var Sveinn Bjarnason frá Hafrafelli, síðar lengi bóndi á Heykollsstöðum í Tungu. Agnesi mun og hafa litist á Svein sem var ágætur maður, fríður sýnum, hár vexti og höfðinglegur. Gild rök má færa að því að þau Agnes og Sveinn hafi um aldamótin verið heimuglega trúlofuð en upp úr því sambandi slitnaði og var því um kennt að frændlið Sveins hafi eindregið lagst gegn því að hann ætti svo fátæka stúlku. Er sagt að bróðir Sveins, Runólfur bóndi á Hafrafelli, hafi átt drýgstan þátt í að stúa þeim í sundur. Bæði munu þau hafa harmað þessi málalok. Þó að Agnes gengi aldrei á neinn skóla varð hún vel að sér til munns og handa. Þar mun hún hafa notið veru sinnar á myndar- og menningarheimilum á unglingsárunum. Verður þar ofarlega á baugi handleiðsla frú Guðríðar Hjaltested sem getið var hér að framan.

Vorið 1901 gerðist Agnes vinnukona hjá Ólafi Bessasyni sem þá hafði nýhafið búskap. Þar var til heimilis Helgi (f. 1882) Hallgrímsson, hálfbróðir Ólafs. Móðir þeirra var Björg Oddsdóttir frá Hreiðarstöðum í Fellum: Fyrri maður hennar var Bessi Ólafsson en síðari maður Hallgímur Helgason á Geirólfsstöðum í Skriðdal, Hallgrímssonar í Sandfelli. Helgi Hallgrímsson lagði hug á Agnesi. Hóf hann búskap á Birnufelli 1903 og gerðist Agnes ráðskona hjá honum. Svo er sagt að hún hafi tjáð Helga að aldrei mundi hún honum unnandi verða enda væri hann ekki Sveins maki. Helgi kvaðst mundu una því og svo fór að þau gengu í hjónaband skömmu síðar (23.1. 1904). Agnes og Helgi bjuggu fyrst á Birnufelli í tvíþýli við Ólaf Bessason, en fluttust árið 1907 að Refsmýri í Fellum og bjuggu þar. Helgi varð skamlífur. Hann dó úr lungnaberkjum þann 29. maí 1912; hafði legið þungt haldinn síðasta misserið. Agnes bjó áfram í Refsmýri næstu 11 árin og farnaðist heldur vel og þar uxu börn þeirra Helga úr grasi, Margrét (f. 21.12. 1908) og Hallgrímur (f. 28.8. 1909). Elsta son sinn Pál misstu þau bernskan að aldri (f. 2.7. 1905, d. 14.9. 1907).

Agnes giftist í annað sinn (10.6. 1923) Brynjólfi bónda á Ási í Fellum Bergssyni, prests að Ási og í Vallanesi Jónssonar. Bróðir Brynjólfs var Jón bóndi og kaupmaður á Egilsstöðum, faðir hinna kunnu Egilsstaðasystkina. Agnes var þriðja

kona Brynjólfs á Ási og átti hann uppkominn börn af fyrri hjónabönum. Þau eignuðust dótturina Laufeyju en hún náði aðeins rúmlega eins árs aldri (f. 22.6. 1923, d. 20.7. 1924). Ári síðar missti Agnes Margrétu dóttur sína (d. 7.8. 1925) á 17. árinu, mikla myndarstúlku. Hún mun hafa látist úr lungnaberklum. Nokkru síðar tóku þau Áshjón til fósturs Ólöfu, dóttur Dagnýjar systur Agnesar, og Gísla í Skógargerði. Ólöf var þá árgömul og ólst upp hjá þeim.

Brynjólfur Bergsson á Ási lést haustið 1933 og varð Agnes þá ekkja í annað sinn. Sama ár hóf Hallgrímur sonur hennar búskap á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal; var þá kvæntur Laufeyju Ólafsdóttur frá Skeggjastöðum í Fellum. Síðar stofnuðu þau hjón nýbýlið Dröplaugarstaði í landi Arnheiðarstaða, út við Hrafnsgarðisá og bjuggu þar frá 1942. Eftir að Agnes varð ekkja dvaldi hún lengstum hjá syni sínum og tengdadóttur. Hún lést hátt á nítugasta aldursári 2. janúar 1970.

Dagný Pálsdóttir

f. á Hólum í Hornafirði 4. mars 1885, d. á Egilsstaðasjúkrahúsi 3. mars 1979

Dagný var örverpi þeirra Páls og Margrétar. Hún ólst upp á flækingi með foreldrum sínum og móður eftir að faðir hennar dó. Var hún eina barnið sem var í „foreldrahúsum“ allt til fullorðinsára. Þegar hún hafði aldur til var hún oft í kaupavinnu og vann sér með því móti inn fé til að kosta sig einn vetur (1905–06) á Blönduósskóla sem þá var virtur kvennaskóli og einnig var hún að vetrarlagi í Reykjavík á námskeiði að læra fatasaum.

Árið 1908 giftist Dagný Gísli Helgasyni í Skógargerði og bjuggu þau þar allt til þess Gísli lést 1963. Þau eignuðust 13 börn og komust þau öll til fullorðinsára. Eftir lát Gísla dvaldi Dagný áfram í Skógargerði hjá Víkingi syni sínum sem þar bjó til 1970 að hann fluttist að Arnórstöðum á Efradal. Eftir það var Dagný til heimilis að Helgafelli hjá Helga syni sínum og Gísla syni hans allt þar til hún fór á sjúkrahús á Egilsstöðum þar sem hún lést einum degi áðuren hún yrði 95 ára gömul. Hún var jarðsett við hlið manns sín í heimagrafreit í Skógargerði.

Þó að Dagný væri yngst systkina sinna eru afkomendur hennar nú líklega fleiri en allra hinna. Um Dagnýju er fjallað nokkuð í *Skógargerðisbók* (Indriði Gíslason 1995: 209–210). Þar er og niðjatal þeirra Gísla (bls. 293 o.áfr.).

Heimildir

A. Prentaðar

- Guðni Jónsson. 1951. *Íslenzkir sagnapættir og þjóðsögur IX*. Rvík, Ísafold.
- Indriði Gíslason (ritstj.) 1995. *Skógargærðisbók*. Rvík, Þjóðsaga.
- ÍÆ = Páll Eggert Ólason. 1948–1952. *Íslenskar æviskrár 1-5*, Rvík.
- Páll Gíslason. 1970. Systraminning. *Íslendingapættir* 3,13:28–30
- Sigurbjörn Einarsson. 1985. Eldmessu minnst. Ræða flutt á Kirkjubæjarklaustri 17. júlí 1983. *Dynskógar* 3:119–126.
- SJM 2 = *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II. bindi. Ritstj. Ármann Halldórsson, [Rvík?]. Búnaðarsamband Austurlands. 1975.
- Sólrún Eiríksdóttir. 1971. Margrét Ólafsdóttir. *Múlaþing* 6:39–49.
- Sigfús Sigfússon. 1982a. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Ný útgáfa* I. bindi Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Rvík, Þjóðsaga.
- 1982b. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Ný útgáfa* III. bindi. Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Rvík, Þjóðsaga.
- 1988. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Ný útgáfa* VIII. bindi. Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson bjuggu til prentunar. Rvík, Þjóðsaga.
- 1991. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Ný útgáfa* X. bindi Grímur M. Helgason og Helgi Grímsson bjuggu til prentunar. Rvík, Þjóðsaga.
- VS = Björn Magnússon. 1970–1973. *Vestur-Skaftfellingar 1703-1966 1-4*. Rvík.
- Þorleifur [Jónsson] í Hólum. 1954. *Ævisaga* (Skaftfellinga rit). Rvík, Skaftfellinga-félagið
- ÆAu = Einar Jónsson. 1953–1968. *Ættir Austfirðinga 1–9*. Benedikt Gíslason og Einar Bjarnason gáfu út. Rvík.
- ÆJS = [Jón Steingrímsson]. 1908. *Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar eptir sjálfan hann*. Jón Þorkelsson sá um útgáfu. Rvík, Sögufélag.
- ÆS = Björn Magnússon. 1960. *Ættir Síðupresta. Niðjatal Jóns prófasts Steingrímssonar á Prestsbakka og Páls prófasts Pálssonar í Hörgsdal og systkina hans*. Rvík.

B. Óprentaðar

- Eiríkur Sigurðsson [án árs]. *Fólksflutningar úr Skaftafellssýslum til Austurlands*. Héraðsskjalasafn Austfirðinga á Egilsstöðum. [Vélritað handrit]
- Búnaðarskýrslur úr Kleifarhreppi, V-Skaft., í skjölum Landshöfðingja á Þjóðskjalasafni
- Hreppsþók Kleifarhrepps V-Skaft. 1843–1886. Þjóðskjalasafn.

Kirkjubækur Arnarbælis-, Eyrarbakka-, Kálfafells-, Kirkjubæjarklausturs-, Bjarnanes-, Stafafells-, Þingmúla-, Vallaness-, Fjarðar-, Desjarmýrar- Valþjófsstaða- og Ássókna. Þjóðskjalasafn.

Auk þessara heimilda hefur verið stuðst við nokkur sendibréf sem nefnd eru í textanum. Bréfin eru varðveitt í Skógargærði í Fellum.

C. Munnlegar heimildir

Sigríður og Hulda dætur Dagnýjar Pálsdóttur, Ingunn Einarsdóttur á Aðalbóli, kona Páls Gíslasonar og Dagnýjar.